

SEÐLABANKI ÍSLANDS

ÁRSSKÝRSLA 1979
REYKJAVÍK 1980

Setning, prentun, bókkband:
ÍSAFOLDARPRENTSMÍÐJA HF.
Filmuvinna:
PRENTMYNDASTOFAN HF.

EFNISYFIRLIT

Skýrsla bankastjórnar	5
Yfirlit yfir þróun efnahagsmála	5
Framleiðsla, tekjur og verðlag	10
Greiðslujöfnuður og gjaldeyrismál	15
Fjármál ríkissjóðs	25
Peningamál	31
Fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir	42
Gengismál	47
Erlend mál og samningar	49
Umsjá sjóða og ýmis starfsemi fyrir ríkissjóð	52
Ýmislegt um starfsemi bankans, löggjöf og fleira	58
Stjórn bankans og starfslið	62
Skýringar með ársreikningum	64
Yfirlitstöflur yfir lánamarkaðinn	67
Reikningar 1979	68
Efnahagur 31. desember 1979	68
Rekstrarreikningur árið 1979	70
Efnahagsreikningur Ríkisábyrgðasjóðs 31. des. 1979	72
Tölur (sjá yfirlit á næstu síðu)	74

TÖFLUYFIRLIT

1. tafla. Þjóðarframleiðsla og verðmætaráðstöfun	74
2. tafla. Vísitölur verðlags	75
3. tafla. Fjármunamyndun	76
4. tafla. Greiðslujöfnuður við útlönd 1975-1979	77
5. tafla. Greiðslujöfnuður við útlönd. Ársfjórðungsyfirlit 1978-1979	78
6. tafla. Staða þjóðarbúsins út á við	78
7. tafla. Gjaldeyrisstaða bankanna	79
8. tafla. Skipting innflutnings eftir notkun	79
9. tafla. Útflutningur. Skipting á helztu vöruflokkum	80
10. tafla. Út- og innflutningsverð og viðskiptakjör	80
11. tafla. Vísitala meðalgengis erlendra gjaldmiðla	80
12. tafla. Verðmæti inn- og útflutnings eftir löndum	81
13. tafla. Yfirlit yfir fjármál ríkissjóðs	82
14. tafla. Skipting ríkistekna eftir tekjustofnum	82
15. tafla. Skipting ríkisútgjalda eftir málaflokkum	83
16. tafla. Skipting ríkisútgjalda eftir tegundum	83
17. tafla. Sedlar og mynt	83
18. tafla. Skipting sedla og myntar eftir stærð í árslok	84
19. tafla. Ávísanaskipti	84
20. tafla. Bindiskyldu og endurkaupahlutföll	84
21. tafla. Úr peningamálum	85
22. tafla. Úr reikningum Sedlabankans	86
23. tafla. Innlán og útlán innlánsstofnana	87
24. tafla. Innlán og útlán innlánsstofnana	88
25. tafla. Lánaflokkun innlánsstofnana	89
26. tafla. Samandregið greiðsluyfirlit fjárfestingarlánasjóða	89
27. tafla. Lánaflokkun fjárfestingarlánasjóða	90
28. tafla. Útlán einstakra fjárfestingarlánasjóða	90
29. tafla. Samandregið greiðsluyfirlit einstakra fjárfestingarlánasjóða 1979 ..	91
30. tafla. Greiðsluyfirlit lífeyrissjóða	91
31. tafla. Efnahagsreikningur Sedlabankans 1973-1979	92
32. tafla. Úr reikningum lánastofnana	94
33. tafla. Gengi erlendra gjaldmiðla skv. skráningu Sedlabankans	95
34. tafla. Vextir á helztu flokkum inn- og útlána í bankakerfinu	96

SKÝRSLA BANKASTJÓRNAR

YFIRLIT YFIR ÞRÓUN EFNAHAGSMÁLA

Vaxandi verðbólga

Efnahagsþróun ársins 1979 einkenndist af mikilli og vaxandi verðbólgu. Á alþjóðlegum vettvangi er hún meðfram sprottin af þenslu, sem hófst þegar upp úr afturkipunum 1974–1975, en stjórnvöld hafa síðustu árin reynt að vinna á móti. Hin mikla hækkun eða u.þ.b. tvöföldun olíuverðs í heiminum átti mikinn þátt í að spilla árangri þessarar viðleitni, og er framvindan að þessu leyti endurtekning frá síðasta hagsveiflutoppi 1973–74 og vekur upp sömu vandamál greiðsluhalla og fjármagnsmiðlunar. Á innlendum vettvangi er verðbólgan fyrst og fremst borin uppi af meira eða minna sjálfkrafa víxlverkunum kaupgjalds og verðlags, en studd samfelldu þensluástandi og mögnuð af olíuverðhækkun, sem hér átti sér stað fyrr og varð langtum meiri en almennt í heiminum sökum viðmiðunar við dagverð á Rotterdammarkaði. Framleiðsluþróun var viðunandi héraðs sem og almennt í umheiminum, enda þótt atvinnuástand væri víða ófullnægjandi, en viðskiptakjörum hallaði mjög í óhag öllum öðrum en olíuútflutningsríkjum. Horfur fram á við um framleiðslu, viðskiptakjör og greiðsluþörfu í iðnríkjum almennt sem og héraðs eru þó sýnu lakari, einkum á yfirstandandi ári, en að óbreyttum úrræðum í stjórn efnahagsmála ætti þó að greiðast úr vandanum á allra næstu árum. Með lögum um stjórn efnahagsmála var bryddað upp á nýmælum í hagstjórn, einkum á sviði lánskjara og peningamála. Beiting þeirra og almenns aðhalds í fjármálum og peningamálum skilaði eftir atvikum þolanlegum árangri þjóðhagslegs jafnaðar, sé tillit tekið til viðvarandi verðbólguástands og olíuáfallsins.

Efnahagsþróunin í umheiminum

Nokkuð hægði á hagvexti á heildina lítið, í iðnþróuðum ríkjum til samans úr 4% 1978 í 3,4% 1979. Í Bandaríkjunum, sem gengið höfðu á undan í uppsveiflunni og hafið aðhaldsaðgerðir fyrr, dró miklu meira eða um nærfellt helming úr hagvexti, úr 4,4% í 2,3%. Utan þeirra varð breytingin hins vegar mjög misjöfn og til beggja átta, þannig að hagvöxtur jókst í Japan, V-Þýzkalandi og Ítalíu, en minnkaði lítið eitt

Verðlag og atvinna

í Frakklandi og Kanada og mikið í Bretlandi, úr 3,4% í 1,1%, en þar var beitt hörðum aðhaldsaðgerðum. Hópur 14 smærri iðnríkja, sem Ísland telst til, jók hagvöxt sinn úr 2,3% í 3% og vest-ræn iðnríki Evrópu í heild úr 3% í 3,4%. Mismunandi tíma-setning hagsveiflunnar eftir löndum verður þannig til þess að jafna hana verulega á heildina lítið og draga úr hættu á alvarlegum afturkipp á heimsmælikvarða. Aðhald að peningalegri eftirspurn, sem stefnt hefur verið gegn verðbólgu, en verkar einnig á athafnastig, hefur reynzt seinvirkara en vænt var. Horfur eru taldar á, að áhrif þessara aðgerða fari nú að koma fram með fullum þunga og draga enn frekar og almennar úr hagvexti á þessu ári, niður í 1-1½% meðal iðnríkjanna eða OECD-svæðisins í heild.

Gagnstætt viðleitni og vonum hefur verðbólga færzt í aukana nánast hvarvetna og eru taldar horfur á, að svo verði enn fram eftir þessu ári. Vísitölur neyzluverðlags sjö helztu iðnaðarlanda sýndu tæpa 7% árshækkun undir lok 1978, en hún var 13% kringum áramótin 1979-1980 og jafnframt mjög misjöfn eftir löndum eða frá 6% til 21%. Ríflega tvöföldun olíuverðs er veigamesti þáttur þessarar aukningar, en auk þess kemur til hækkun verðs annarra frumvara og hækkun sölu- eða virðisaukaskatta. Verðhækkanir þessar voru að verulegu leyti utan að komnar fyrir iðnríkin, og þær féllu tiltölulega þungt á neyzluútgjöld. Verðlagshækkanir af rót framleiðslustarfseminnar sjálfar jukust mun minna, þannig að verðlags-hækkun þjóðarframleiðslu iðnaðarríkja jókst aðeins úr 7,1% 1978 í 7,6% 1979. Enda þótt þessi framvinda muni draga slóða enn meiri hækkunar á þessu ári, vekja hófleg viðbrögð í kaup-gjaldsákvörðunum vonir um, að verðbólga fari rénanandi úr því. Flest lönd hafa í vaxandi mæli kappkostað að færa vaxtakjör til samræmis við verðbólgu, jafnvel svo, að raunvextir hafa hækkað.

Viðskipti og greiðslujöfnuður

Atvinnumagn meðal iðnríkja jókst svipað og mannafla, og atvinnuleysi rénaði lítið eitt, en hélzt þó hátt á fyrri tíma mælikvarða eða rúm 5% af mannafla. Bandaríkin voru nærri meðatali með um 5,7%. Sérstaklega mikið atvinnuleysi var í Kanada, Ítalíu, Belgíu, Ástralíu og Danmörku, en aðeins um 2% í Noregi, Svíþjóð, Austurríki og Japan.

Heimsviðskiptin efldust á árinu, og varð magnaukning þeirra um 6½% á móti 5½% árið áður. Verðsveiflan varð þó miklu stórfelldari, og hækkaði verðlag í SDR-einingum um 14½% á móti 2½% árið áður, en samsvarandi hækkun í dollurum reiknaðist 18½% á móti 10%. Olíuverðhækkunin vó þó aðeins að hluta inn á meðaltal ársins. Svipaðar hækkanir urðu á hvoru um sig innflutningsverðlagi og útflutningsverðlagi iðnríkja

Aðstaðan út á við

og olíusnauðra þróunarlanda, og rýrnuðu viðskiptakjör beggja um 3%, en aftur á móti bötnuðu viðskiptakjör olíuútflutningsríkja um 29%. Af þessu leiddi, að 29,6 milljarða dollara viðskiptaafgangur iðnríkja 1978 snaraðist í 10 milljarða halla 1979, en 36,2 milljarða dollara viðskiptahalli olíusnauðra þróunarlanda magnaðist í 54,9 milljarða. Viðskiptaafgangur olíuríkjanna, sem hafði dvínað í 5 milljarða dollara, steig hins vegar í 68,4 milljarða. Spáð er, að hann muni hækka í 115 milljarða á þessu ári, og muni mótsvarandi halli skiptast á iðnríki, 47 milljarðar, og þróunarlönd, 68 milljarðar dollara. Þessi miklu umskipti í greiðslujöfnuði landa hafa djúptæk áhrif á lánsfjármarkaði og lántökuaðstöðu, og er þróunarlöndunum hættast við alvarlegri röskun. Vaxtahækkunir og tilfærslur sjóða milli gjaldmiðla höfðu þegar gert alþjóðlegan lánamarkað óhaganlegri lánþegum, en þessi umskipti á greiðslujöfnuði auka þar enn á aðlögunarvanda og óvissu. Verðlag fiskafurða og annarra skyldra matvæla átti lítinn hlut að lækkunarveiflu frumvara á heimsmarkaði síðari hluta 1977 og fyrri hluta 1978, né heldur tiltölulega mikilli hækkun þeirra síðar, heldur hefur það haldizt tiltölulega stöðugt síðustu þrjú árin. Viðskiptakjör Íslendinga rýrnuðu að vísu nokkuð með falli dollars, sem vegur mun þyngra á hlið útflutnings en innflutnings. Milli áranna 1978 og 1979 má telja, að áhrif þessa hafi numið um 2% rýrnun viðskiptakjara, en áhrif olíuverðhækkunar um 8%, svo að til samans ollu þessir þættir allir rýrnun viðskiptakjaranna um 10%. Yfir árið 1979 hélzt gengi dollars hins vegar nokkurn veginn óbreytt og styrktist fram á þetta ár. Til breyttra ytri aðstæðna má og telja aukið svigrúm innlendra aðila til nýtingar fiskstofnanna, en það var eitt veigamesta skilyrðið fyrir framleiðsluþróun ársins. Loks er aðstaðan á lánamörkuðum mikilvæg, en hækkun vaxta átti verulegan þátt í að hækka greiðslubyrði erlendra lána úr 13,3% í 14,2% af útflutningstekjum, og stefnir hún enn hærra með fullum þunga hækkaðra vaxta á þessu ári.

Mögnun verðbólgunnar

Versnun viðskiptakjara og stigmögnun verðbólgu í umheiminum kom á mjög óheppilegum tíma fyrir efnahagsframvinduna hérlandis. Í krafti hinna öflugu víxlverkana kaupgjalds og verðlags, sem kjarasamningarnir árið 1977 leystu úr læðingi, hafði árshækkun verðlags u.þ.b. tvöfaldazt frá ágústmánuði 1977 til jafnlengdar 1978. Frá hausti 1978 var enn einu sinni reynt að hefja hægfara lækkun verðbólgunnar í áföngum með skerðingu verðbóta á laun og mikilli hækkun niðurgreiðslna. Skerðing verðbóta af tilefni rýrnandi viðskiptakjara dró nokkuð úr víxlverkun frá hækkun innflutningsverðs, en á

Verðtrygging fjármagns

móti vó, að nokkur grunnkaupshækkun varð ekki hamin. Úrslitum réð, að öll hækkun, sem náði fram að ganga, varð stofn að nýjum víxlhækkunum, og var niðurstaðan mögnun verðbólgunnar upp í 60% yfir árið. Að mestu var hér um að ræða einberan eltingarleik milli kaupgjalds og verðlags án teljandi breytingar raunkjara milli árána, þó þannig, að nokkur kjararárnun til samræmis við raunskilyrði þjóðar-búsins gerðist á síðustu mánuðum ársins. Það tímabil er orðið æði langt, sem marklítið kapphlaup af þessu tagi hefur átt sér stað til stórfelldrar röskunar á fjárhagskerfi þjóðarinnar.

Þar sem verðbólgan er knúin áfram með svo sjálfvirkum hætti og sveiging hennar til skaplegra horfs hefur ekki tekizt, hefur þótt nærtækast að upphelja áhrif hennar með kerfisbundnum leiðréttingum, annars vegar á utanríkisviðskiptin með sveigjanlegri gengisskráningu og hins vegar á fjármagnsmarkað og sparnað með verðtryggingu fjármagns. Sveigjanleg gengisaðlögun hefur verið við lýði frá árinu 1973 í hátt við almenna stefnu þeirra mála í heiminum, en frá því ári með gagngerrri einstefnu gengissigs eða -fellingar. Verðtrygging fjármagns hefur hins vegar verið að komast á smám saman til viðspyrnu gegn áhrifum verðbólgunnar á fjármagnsmarkaðinn. Með lögum um stjórn efnahagsmála o.fl. í apríl 1979 var tekin úrslitaákvörðun um fullmótun þess kerfis og framkvæmd í áföngum til ársloka 1980. Samkvæmt því var aðlögun lánskjara bankakerfisins í árslok 1979 ekki komin nema hálf leið að markinu, og stigmögnun verðbólgunnar olli því, að í skilningi raunvaxta var tæpast haldið í horfinu. Á sviði fjárfestingarlána var verðtrygging þegar lengra komin, og með ákvörðun lánskjara fyrir 1979 var gerð mjög almenn samræming til fullrar verðtryggingar með lágum raunvöxtum, en samræming vaxtanna þó ekki að fullu til lykta leidd. Þrátt fyrir takmarkaða framkvæmd á vettvangi bankakerfisins nægðu varðveizlu- og hvatningaráhrif verðtryggingar til þess að treysta stöðu peningalegs sparnaðar að tiltölu við verðbólgu og þjóðarútgjöld.

Viðleitni til aðhalds

Reynt var sem fyrr að beita aðhaldi að opinberum fjármálum, lánaþenslu og vexti peningamagns, að þessu sinni studdu sérstökum ákvæðum laganna um stjórn efnahagsmála. Sökum aukinnar verðbólgu og olíuáfalla var engan veginn unnt að halda fast við upphafleg töluleg markmið. Eigi að síður náðist talsverður árangur með tilliti til breyttra aðstæðna. Ríkissjóður náði að skila lítills háttar greiðsluafgangi, og heildarinnlán bankakerfis jukust lítið eitt meira en útlán. Þótt litlu næmi, var hér um mjög brýnt mótvægi að ræða við áhrifaþáttum röskunar og hallamyndunar. Þessi óhagstæðu áhrif hafa

Framleiðsla og ráðstöfun

Þó færzt í aukana, eftir að mögnun verðbólgunnar hefur orðið ljós og haft tíma til að verka, svo að framvinda fjármála og peningamála hefur aftur snúizt til verri vegar frá því um síðustu áramót. Ennfremur fór þáttur fjárfestingarlána talsvert úr böndunum og leiddi til þess, að erlendar lántökur fóru um 15 milljörðum króna fram úr lánsfjáráætlun. Án beitingar láns-kjarastefnu og aðhalds hefði sú aukning getað magnað mun meiri þenslu en raun varð á, en þessi umframlántaka varð innan marka bata gjaldeyrisstöðunnar á árinu.


Framleiðslustarfsemin sýndi markverðan þrótt við hin erfiðu rekstrarskilyrði, en árferði varð landbúnaði þungt í skauti og olíuhækkunin varð samgöngum mikill hnekkir, einkum flugrekstri. Hinn mikli hlutur sjávarútvegsins í framleiðsluaukningunni er sprottinn af vaxandi nýtingu þess svigrúms, sem útfærsla fiskveiðimarkanna hefur fært að höndum og álitamál er, hversu brátt skuli nýta á kostnað aðgerða til að styrkja fiskstofnana. Að öllu samantöldu varð viðunandi framleiðsluárangur, um 3½% aukning metin á verðvog ársins á undan. Ávinningurinn hvarf þó allur í hit olíuverðhækkunarinnar og meira til, svo að þjóðartekjur lækkuðu í raun um nálægt 1% á sama kvarða metið. Ekki náðist samsvarandi niðurfærsla innlendrar verðmætaráðstöfunar, sem jókst um rúmt 1%. Út úr togstreitu verðlags og tekna kom væg aukning einkaneyzlu, um 2%, og svipuð aukning varð á samneyzlu, en fjármunamyndun dróst saman um nærri sama hlutfall.

Jöfnuður út á við


Þessi afstaða þjóðartekna og þjóðarútgjalda hvorra til annarra leiddi til viðskiptahalla, er svaraði til 0,9% af þjóðarframleiðslu, en í samanburði við afgang ársins á undan námu umskiptin til rýrnunar 2,3% af þjóðarframleiðslu. Að gerðum leiðréttingum fyrir birgðabreytingum og innflutningi á sérstökum fjárfestingarvörum varð versnunin þó aðeins 0,8% á þennan kvarða. Samanburðargildi slíkra leiðréttinga hnekkir þó ekki því, að viðskiptahalla og fjárfestingu verður að fjármagna með kostnaði og óhagræði. Með líkum hætti og þjóðhagsjöfnuðurinn í heild sinni var greiðslujöfnuðurinn samsettur af jákvæðum og neikvæðum þáttum. Þrátt fyrir ágjöf olíuhækkunar náðist hagstæður vöruskiptajöfnuður, en verulegur halli varð á þjónustujöfnuði, einkum vegna minni tekna af flugrekstrinum, og hratt hann viðskiptajöfnuðinum í heild yfir í 0,9% halla miðað við þjóðarframleiðslu. Allur þessi halli var jafnaður með erlendum lántökum og gjaldeyrisstaðan að auki bætt um 17 milljarða króna, en jafnframt hækkuðu erlendar skuldir upp í 35% af þjóðarframleiðslu.

FRAMLEIÐSLA, TEKJUR OG VERÐLAG

Verg þjóðarframleiðsla



Viðskiptakjörin



Í ljósi utanaðkomandi áfalla og mikillar og vaxandi verðbólgu verður að telja, að þróun framleiðslu og þó einkum viðskiptajafnaðar hafi verið sæmilega viðunandi á árinu 1979. Raunvöxtur vergrar þjóðarframleiðslu var að vísu allmiklu lægri en að meðaltali á áratugnum eða 2,3%*, samanborið við 4,4% 1978 og 6% 1977. Þrátt fyrir gífurlegar hækkanir á olíuverði varð viðskiptahallinn ekki alvarlegur eða innan við 1% af vergri þjóðarframleiðslu, og átti hallinn eingöngu rætur að rekja til slæmrar útkomu á þjónustujöfnuði eins og vikið er að í næsta kafla. Vegna rýrnunar viðskiptakjara minnkaði raungildi þjóðartekna um nálega 1,7%* eða um meira en 2% á mann, samanborið við aukningu um 4,4% 1978 og 9% 1977.

Viðskiptakjararýrnunin, sem nam rúmum 10% frá ársmeðaltali 1978 til meðaltals 1979, átti rætur að rekja til hinna gífurlegu olíuverðhækkana, sem m.a. höfðu það í för með sér, að hlutur olíuvara í heildarinnflutningi til landsins jókst úr tæpum 12% 1978 í yfir 19% 1979. Frá 1970 hefur ársmeðaltal viðskiptakjara aðeins einu sinni verið lægra, en það var á erfiðleikaárinu 1975. Innflutningsverð í heild mun hafa orðið 20–21% hærra á árinu 1979 en 1978 reiknað í erlendri mynt, en útflutningsverð hækkaði aðeins um tæp 8%. Auk verðbreytinga á inn- og útflutningsvörum hafa hræringar á alþjóðgjaldeyrismörkuðum áhrif á viðskiptakjör þjóðarinnar. Sem dæmi má nefna, að lækkandi gengi Bandaríkjadollars gagnvart ýmsum helztu gjaldmiðlum heims síðustu misserin hefur haft rýrandi áhrif á viðskiptakjörin, þar sem verulegur hluti útflutningsteknanna fellur til í dollurum, en meiri hluti innflutningsins kemur frá Evrópulöndum með sterka gjaldmiðla í seinni tíð.

Fremur hagstæð framleiðsluþróun á árinu 1979 átti ekki sízt rætur sínar í mikilli framleiðslu í sjávarútvegi og fiskvinnslu, en

* Raunvöxtur þjóðhagsstærða er reiknaður út frá tölum á verðlagi ársins 1969. Á verðlagi ársins 1978 jókst verg þjóðarframleiðsla á árinu 1979 um 3,4% og vergar þjóðartekjur minnkuðu um 0,7%.

Framleiðsla og afkoma atvinnuveganna


sjávarvöruframleiðslan er talin hafa aukizt um 12–15%. Sömu-
leiðis er talið, að iðnaðarframleiðslan hafi vaxið um 4–5%, en
landbúnaðarframleiðslan mun hafa dregizt saman um 5–6%,
einkum vegna erfiðs árferðis, en minna má á, að á árinu
1978 varð framleiðsla landbúnaðarafurða meiri en nokkru
sinni fyrr og þó sérstaklega miklu meiri en nemur árlegri
innanlandsneyzlu þessara vara. Framleiðsluaukningin í sjávar-
útvegi stafaði eingöngu af auknum botnfiskafla, sem jókst
um tæp 100 þúsund tonn frá árinu 1978 eða um 21% og nam
alls 568 þúsund tonnum. Þorskaflinn einn sér jókst um 29
þúsund tonn eða 9% og nam alls 347 þúsund tonnum.
Auk þess er talið, að þorskafla útlendinga á Íslandsmiðum hafi
numið um 10–11 þúsund tonnum. Loðnuafllinn varð um 964
þúsund tonn og jókst aðeins um 1% eða svo frá árinu áður.
Heildarfiskafla landsmanna nam rúmum 1630 þúsund tonnum,
og hefur hann aldrei orðið jafnmikill.

Á liðnum áratug hefur aflsamsetningin breytzt allmikið. Sem
dæmi má nefna, að frá 1970 til 1979 rúmlega fimmfaldaðist
loðnuafllinn, en afli botnfisktegunda jókst aðeins um rúm 20%.
Hins vegar er verðmæti afurðanna svo ólíkt, að þrátt fyrir þessa
breytingu aflsamsetningarinnar, sem sést bezt af lækkun hlutar
botnfiskafla í heildaraflamagninu úr 64% 1970 niður í 35%
1979, hefur hlutur botnfisktegunda í útflutningsverðmæti
sjávarafurða aðeins lækkað úr 72% niður í 69,5% á sama
tímabili.


Afkoma fiskveiðanna var allgóð á árinu, en fremur rýr hjá
fiskvinnslunni, enda voru kostnaðarhækkanir hennar mun
meiri en hækkun afurðaverðs. Afkoma heimamarkaðsgreina
iðnaðarins mun að líkindum hafa verið allgóð og betri en
útflutningsgreinanna, sem áttu við svipuð vandamál að glíma
og fiskvinnslan, þ.e. miklar kostnaðarhækkanir umfram
hækkanir söluverðs. Nokkur tekjulækkun varð í landbúnaði
frá metárinu 1978 og talsverðir erfiðleikar sköpuðust á svæðum,
sem urðu sérstaklega illa úti í ótíðinni. Verzlunargreinarnar
þjuggu við rétt sæmilega afkomu, bæði vegna smávægilegrar
lagfæringar álagningar á árinu og ekki síður vegna verulegrar
veltuaukningar.

Framleiðsla til útflutnings jókst um 12–14% á árinu í heild
og kom þessi mikli vöxtur að nokkru fram í birgðaaukningu,
sem sést m.a. af því, að vöruútflutningurinn jókst að magni til
mun minna eða um 7–8%. Reyndar má einnig hafa í huga, að
á árinu 1978 minnkuðu útflutningsbirgðir talsvert.

Í hlutfalli við verga þjóðarframleiðslu var útflutningur vöru
og þjónustu meiri á árinu 1979 en á nokkru ári frá 1970 að telja
og talsvert miklu meiri en nokkur undanfarin ár. Á sama mæli-



Ráðstöfun þjóðarframleiðslunnar



Innlend verðmætaráðstöfun

Innlendur sparnaður

kvarða var innflutningur vöru og þjónustu heldur minni en 1975, en talsvert meiri en nokkurt árána 1976 til 1978.

Á árinu 1979 jókst einkaneyzla um 2% í kjölfar 6% aukningar 1978 og 8% aukningar 1977. Þessi væga aukning einkaneyzlunnar átti meðal annars þátt í því, að viðskiptahallinn varð ekki meiri en raun ber vitni. Samneyzla jókst einnig um 2%, og hefur hlutur hennar í heildarverðmætaráðstöfun innanlands aukizt ofurlítið á undanförunum árum. Fjármunamyndun dróst saman um 1,6% samanborið við 7,1% samdrátt á árinu áður. Sem hlutfall af þjóðarframleiðslu var fjármunamyndunin 25,3% og hefur ekki verið minni á þennan mælikvarða síðan 1970. Samdráttur varð bæði í atvinnuvegafjárfestingu, 2,7%, og íbúðabyggingum, 1,8%, en lítillæg aukning varð í opinberri fjárfestingu eða 0,6%. Samdráttur heildarfjármunamyndunarinnar síðustu tvö árin á að mestu leyti orsakir í minni opinberri fjárfestingu en árin næst á undan og þá einkum í minni orkuframkvæmdum. Þetta breytist þó um leið og framkvæmdanna við Hrauneyjarfoss tekur að gæta, en á árunum 1978 og 1979 voru engar meiriháttar orkuframkvæmdir í gangi.

Sem fyrr segir var hlutfall fjármunamyndunar og vergrar þjóðarframleiðslu 25,3% á árinu 1979. Að meðaltali var hlutfall þetta 28,5% á árunum frá 1970 til 1979. Hæst varð það 33% 1975 og 32% 1974 og lægst 25,3% 1979 og 24,3% 1970. Árin, sem fjárfestingarhlutfallið var í hámarki, átti sér hvort tveggja stað mikil fjárfesting í sjávarútvegi og miklar orkuframkvæmdir.

Til samans mynda einkaneyzla, samneyzla og fjármunamyndun innlenda verðmætaráðstöfun, og jókst hún á árinu 1979 um 1,1% samanborið við 2% aukningu árið á undan. Vegna óstöðugleika í fjárfestingu og mikilla og örra breytinga einkaneyzlu hefur innlend verðmætaráðstöfun tilhneigingu til þess að sveiflast mikið frá ári til árs. Sem dæmi má nefna, að á árabílinu frá 1970 til 1979 jókst hún mest á einu ári um 26,1%, þ.e. 1971, og dróst mest saman á árinu 1975 eða um tæp 8%, og eru þá breytingar birgða meðtaldar.

Skilyrði ytra jafnvægis er, að innlendur sparnaður sé a.m.k. jafn fjárfestingunni. Árin 1970 til 1979 varð aðeins tvisvar afgangur í viðskiptunum við útlönd, og sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu nam innlendur sparnaður að meðaltali 25,4% á ári hverju samanborið við ofangreint 28,5% fjárfestingarhlutfall. Á þessu árabíli hefur innlendur sparnaður orðið mestur 27,8%, á árinu 1977, og minnstur 22,8%, á árinu 1974. Markmið um jöfnuð í viðskiptum við útlönd felur í sér, að

heildarfjárfestingin verður að haldast innan marka innlends sparnaðar, sem á árinu 1979 nam 24,8% vergrar þjóðarframleiðslu og 26,6% að meðaltali árin 1976 til 1979.

Kauptaxtar og tekjur

Á árinu 1979 giltu launasamningar frá 1977 að mestu fyrir flesta hópa launþega. Leitað var eftir samþykki starfsmanna ríkis og bæja um niðurfellingu 3% grunnkaupshækkunar, sem koma átti til framkvæmda skv. kjarasamningi hinn 1. apríl, en samkomulag stjórnar BSRB og fjármálaráðherra þar um var fellt í almennri atkvæðagreiðslu. Opinberir starfsmenn fengu því umsamda grunnkaupshækkun, og aðrir launþegar fylgdu fljótlega í kjölfarið. Ætla má, að kauptaxtar launþega hafi að meðaltali hækkað um 44% á árinu og þá að langmestu leyti vegna verðbóta. Vísitöluákvæðum samninganna frá 1977 var nokkuð breytt við setningu laganna um stjórn efnahagsmála o.fl., en í þeim var m.a. kveðið á um að rýrnun viðskiptakjara skyldi eftir ákveðnum reglum draga frá hækkun verðbótavísitölu. Vegna þessa ákvæðis hækkuðu kauptaxtar minna en framfærslukostnaður, þannig að kaupmáttur þeirra rýrnaði nokkuð, þegar á árið leið. Atvinnutekjur í heild munu hafa hækkað nokkru meira en kauptaxtar, m.a. vegna sérsamninga ýmissa launþegahópa. Tekjur sjómanna hækkuðu meira en kauptaxtar launþega, sömuleiðis ýmsar tekjutilfærslur. Brúttótekjur einstaklinga hafa því sennilega hækkað um 46–47%, en vegna þyngri beinna skatta hafa ráðstöfunartekjur hækkað ívið minna eða svipað og framfærslukostnaður frá 1978 til 1979. Að meðaltali hefur kaupmáttur ráðstöfunartekna því verið svipaður árin 1978 og 1979.

Atvinna

Atvinnuástand var gott á árinu eins og mörg undanfarin ár, og nam atvinnuleysi á árinu aðeins 0,4% af heildarmannafnanum samanborið við 0,3% 1978 og 1977. Samkvæmt skýrslum Kjararannsóknaneftndar var vinnutími verkafólks og iðnaðarmanna ívið styttri en á árinu 1978, fjöldi vinnustunda rétt tæplega 50 í viku hverri að meðaltali.

Verðþróun

Svo sem alkunna er jókst verðbólga mikið á árinu. Meðaltals-hækkun framfærslukostnaðar frá 1978 til 1979 nam 45,5%, en 60,6% frá ársbyrjun til ársloka. Á 12 mánaða tímabilinu til 1. febrúar hækkaði hann um 38%, til 1. maí um 39,1%, til 1. ágúst um 41,9% og til 1. nóvember um 54,9% og þar með meira en nokkru sinni um áratugaskeið. Í verðbólguholskeflunni 1974 til 1975 varð 12 mánaða hækkun framfærslukostnaðar milli útreikningsdaga mest frá 1. ágúst 1974 til jafnlangdar 1975, 54,5%. Línuritið hér til hliðar sýnir 12 mánaða




hækkunir framfærslukostnaðar yfir nokkurra ára tímabil. Meðaltalshækkun vísitölu byggingarkostnaðar frá 1978 til 1979 varð 46,5%, en frá ársbyrjun til ársloka hækkaði hún heldur meir eða um nálægt 54%. Þriggja mánaða hækkun framfærslukostnaðar til 1. ágúst svaraði til 66% hækkunar á ári og til 1. nóvember til 80% hækkunar á ári.

Auk þess að bera vitni áhrifum olíuverðhækkanna á innlent verðlag sýnir verðbólguþróunin á árinu 1979, að aðgerðirnar, sem gripið var til síðla árs 1978, voru hvergi nærri fullnægjandi og náðu ekki lengra en að halda niðri með beinum aðgerðum hækkun framfærslukostnaðar milli tveggja eða þriggja útreikningsdaga. Úr verðlagshækkunum verður ekki dregið með þessum hætti nema um skamma hríð, enda varð raunin sú, að verðbólgan jókst hratt á ný, þegar áhrifum skammtímaaðgerðanna sleppti, og þá alls ekki eingöngu fyrir áhrif erlendis frá.

GREIÐSLUJÖFNUÐUR OG GJALDEYRISMÁL

Heildarmynd greiðslujafnaðar ársins 1979 var með óvenjuflóknum hætti ofin saman af jákvæðum og neikvæðum þáttum. Niðurstaða hinna ýmsu jafnaða er því mjög á mismunandi veg. Enda þótt verðbólgan hafi skert samkeppnisaðstöðu atvinnuveganna verulega, varð þróun útflutningsframleiðslu nægilega hagstæð til þess að bæta upp hið mikla áfall af olíuverðhækkuninni og ná jafnvel hagstæðari vöruskiptajöfnuði en árið áður, hefði ekki komið til aukning útflutningsvörubirgða og innflutnings til stórframkvæmda og skipa og flugvéla. Samgöngu- greinarnar urðu hins vegar fyrir mun meiri búsisfjum af olíuverðhækkuninni samfara öðrum óhagstæðum samkeppnisskilyrðum. Leiddi það til þess, að þjónustujöfnuðurinn varð nú í fyrsta sinn óhagstæður um verulega fjárhæð eða 16,5 milljarða króna. Viðskiptajöfnuður í heild varð því óhagstæður um 7,2 milljarða króna eða um 0,9% af þjóðarframleiðslu. Miklar framkvæmdir á vegum hins opinbera og innflutningur til þeirra, ásamt skipum og flugvélum, gaf tilefni til mikillar lántöku erlendis, sem fór langt fram úr því að jafna viðskipta- hallann. Niðurstaðan varð því hagstæður heildargreiðslu- jöfnuður eða bati gjaldeyrisstöðunnar um 17,1 milljarð króna. Varð jöfnuðurinn hagstæður fjórða árið í röð, enda hefur verið stefnt að bata gjaldeyrisstöðunnar frá lægð hennar árið 1975 samhliða lántökum til þess að sjá fyrir fjárfestingar- þörfum. Með þessu þyngdist hins vegar skuldastaða þjóðar- búsis merkjanlega, í 35% af þjóðarframleiðslu, og greiðslu- byrði miðað við útflutningstekjur tók að aukast á ný. Nettógjalddeyriseign bankanna nam 44,4 milljörðum króna í árslok 1979 reiknað á þágildandi gengi, en gjaldeyrisforðinn brúttó nam 64,8 milljörðum króna og svaraði til u.þ.b. 3 mánaða almenns innflutnings, svipað og verið hafði frá miðju ári 1978. Þar sem viðskiptajöfnuður varð óhagstæður um 7,2 milljarða sem fyrr segir, má rekja allan bata gjaldeyrisstöð- unnar til aukinnar skuldasöfnunar, einkum langtímalána. Heildarstaða þjóðarbúsins, þ.e. nettóskuldir, langar og stuttar,

Þróun viðskipta- jafnaðar



ásamt gjaldeyrisstöðu, versnaði um 33 milljarða króna miðað við gengi í árslok og nam þá 312 milljarða króna nettóskuld. Á árinu 1979 varð viðskiptajöfnuður, þ.e. jöfnuður vöru- og þjónustuviðskipta, óhagstæður um 7,2 milljarða króna eða sem svarar 0,9% af þjóðarframleiðslu, en árið áður hagstæður um 10,5 milljarða króna reiknað á meðalviðskiptagengi ársins 1979, 1,4% af þjóðarframleiðslu. Samkvæmt beinum greiðslu-jafnaðartölum varð því viðskiptajöfnuður ársins 1979 17,7 milljörðum króna óhagstæðari en árið áður, og svara umskiptin til 2,3% af þjóðarframleiðslu. Af þeirri upphæð eru 2,3 milljarðar vegna lakari vöruskiptajafnaðar og 15,4 milljarðar vegna óhagstæðrar þróunar þjónustujafnaðar, einkum að því er varðar samgöngur. Við raunhæfan samanburð á viðskiptajöfnuði árána 1978 og 1979 er nauðsynlegt að taka tillit til mismunandi birgðapróunar útflutningsvara og sveiflu í innflutningi sérstakra fjárfestingarvara. Útflutningsvörubirgðir minnkuðu um 5,2 milljarða króna 1978, en jukust um 1,4 milljarða króna 1979. Birgðabreytingar hvors árs eru metnar á meðalútflutningsverði viðkomandi árs, en í báðum tilvikum reiknaðar á meðalviðskiptagengi ársins 1979. Sé viðskiptajöfnuður árána 1978 og 1979 leiðréttur fyrir breytingu útflutningsvörubirgða og reiknaður á meðalgengi 1979 í báðum tilvikum eins og fyrr segir, reynist viðskiptajöfnuður óhagstæður um 5,8 milljarða króna 1979, en hagstæður um 5,3 milljarða króna 1978. Sveiflur í innflutningi sérstakra fjárfestingarvara eru oft verulegar, og varð t.d. innflutningur þeirra 4,7 milljörðum króna meiri 1979 en árið áður, að mestu vegna meiri skipainnflutnings. Ef sveiflur í innflutningi sérstakra fjárfestingarvara eru jafnaðar milli ára miðað við meðaltal síðustu þriggja ára og leiðrétting gerð á viðskiptajöfnuði samkvæmt því, ásamt leiðréttingu vegna breytingar útflutningsvörubirgða, reynist viðskiptajöfnuður því sem næst sléttur eða -0,1 milljarður króna 1978, en óhagstæður um 6,5 milljarða króna 1979. Með þannig leiðréttum viðskiptajöfnuði fæst mun raunhæfari samanburður árána 1978 og 1979 en samkvæmt beinu greiðslu-jafnaðaruppgjöri. Miðað við þjóðarframleiðslu varð viðskiptajöfnuður 1979 óhagstæður um 0,9% af vergri þjóðarframleiðslu samkvæmt beinu uppgjöri, en 0,8% samkvæmt framangreindum leiðréttum viðskiptajöfnuði. Samsvarandi tölur fyrir árið 1978 eru þær, að samkvæmt beinu uppgjöri var jöfnuðurinn hagstæður um 1,4% af vergri þjóðarframleiðslu, en nálægt núlli samkvæmt leiðréttum viðskiptajöfnuði.

Gjaldeyrisverðmæti útflutningsframleiðslu jókst í heild um nálægt 25% frá árinu áður. Framleiðsluverðmæti sjávarafurða jókst um 22%, en aukning framleiðslumagns er áætluð 14%.

Verðmæti útflutningsframleiðslu

Aukning útflutningsverðmætis

Verðmætisaukning álframleiðslu varð 16,5% á föstu gengi, en að magni dróst framleiðslan saman um 3%. Á árinu hófst framleiðsla í járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga, og framleiddi hún 16.878 tonn af 75% kísiljárn. Framleiðsluverðmæti annarra iðnaðarværa til útflutnings jókst um 33%. Heildarverðmæti útflutnings nam 278,5 milljörðum króna á árinu 1979. Er það 18% aukning frá fyrra ári reiknað á meðalgengi ársins 1979, heldur minni en nemur aukningu á framleiðsluverðmæti, enda jukust útflutningsvörubirgðir nokkuð á árinu. Verðmætisaukning útfluttra sjávarafurða varð rúmlega 15%, verðmæti álútflutnings jókst um 18% og verðmætisaukning annarra vöruflokka en sjávarafurða, áls og kísiljárns nam 23%. Meðfylgjandi tafla sýnir skiptingu útflutnings á helztu vöruflokka sl. fimm ár, og hafa tölur fyrri ára verið umreiknaðar til meðalgengis ársins 1979 samkvæmt vísitölu meðalgengis. Verðmæti sjávarafurða 1979 nam tæplega 75% af heildarverðmæti útflutnings á móti rúmlega 76% árið áður. Verðmæti álútflutnings nam 13,5% af verðmæti heildarútflutnings, sem er sama hlutfall og árið áður, en verðmæti annarra iðnaðarværa jókst úr 6,3% í 8,2% af heildarútflutningi.

Útflutningur helztu vöruflokka

(F.o.b.-verð í m.kr. á meðalgengi ársins 1979)

	1975	1976	1977	1978	1979
Sjávarafurðir	91.429	115.248	143.187	180.293	208.010
Landbúnaðarafurðir	3.363	4.043	4.569	5.458	7.127
Iðnaðarvörur	19.726	36.682	42.564	46.641	60.159
Þar af: ál	12.358	26.700	28.461	31.668	37.455
Þar af: kísiljárn	-	-	-	-	3.312
Aðrar vörur	1.636	2.751	3.853	3.637	3.156
Útflutningur, alls	116.154	158.724	194.173	236.029	278.452

Skipting útflutnings á lönd

Útflutningsvörubirgðir

Útflutningur til Bandaríkjanna lækkaði úr 29,3% í 28,0% af heildarútflutningi. Hlutdeild landa Efnahagsbandalagsins (EBE) jókst úr 32,1% í 38,6%. Útflutningur til landa Fríverzlunarsamtakanna (EFTA) jókst úr 12,9% í 13,7% af heildarútflutningi. Hlutur Sovétríkjanna í heildarútflutningi varð óbreyttur, 3,9%, en hlutur Austur-Evrópulanda í heild jókst úr 7,7% í 8,1%.


Eftirfarandi tafla sýnir verðmæti útflutningsvörubirgða í árslok sl. fimm ár miðað við verðlag í lok hvers árs, en umreiknað miðað við skráð gengi á bandarískum dollar í árslok 1979. Birgðir sjávarafurða voru miðað við gjaldeyrisverðmæti nálægt 44% meiri í árslok 1979 en 1978 og birgðir í heild um 31% meiri. Á aukningin rætur að rekja bæði til magnaukningar birgða og hærra verðlags erlendis í árslok 1979 en 1978.

Útflutningsvörubirgðir

(Í m.kr. á gengi í árslok 1979)

	1975	1976	1977	1978	1979
Sjávarafurðir	13.483	19.478	35.614	26.466	38.044
Landbúnaðarafurðir	2.238	2.256	2.567	3.900	3.544
Kísilgúr	176	139	48	77	116
Ál	7.495	5.609	4.472	3.877	2.338
Kísiljárn	-	-	-	-	1.085
Alls	23.392	27.482	42.701	34.320	45.127

Þróun innflutnings




Meðfylgjandi tafla sýnir mánaðarlegan almennan innflutning 1978 og 1979, skipt á olíuinnflutning og annan almennan innflutning á mánaðarlegu meðalgengi 1979, þ.e. tölur fyrir hvern mánuð 1978 hafa verið umreiknaðar til sambærilegs gengis viðkomandi mánaðar 1979 samkvæmt vísitölu meðalgengis þess mánaðar. Utan almenns innflutnings telst innflutningur á skipum, flugvélum, fjárfestingarvörum til stórframkvæmda ásamt hráefni og rekstrarvörum til álbræðslu og járnblendiverksmiðju.

Almennur innflutningur

(C.i.f.-verð í m.kr. á mánaðarlegu meðalgengi 1979)

	1978			1979			Hlutfallsleg breyting %		
	Olía	Annar	Alls	Olía	Annar	Alls	Olía	Annar	Alls
Jan.	1304	12431	13735	3125	12320	15445	139,6	-0,9	12,4
Feb.	2458	12173	14631	1240	12058	13298	-49,6	-0,9	-9,1
Marz	2537	12063	14600	3530	14653	18183	39,1	21,5	24,5
Apríl	1123	14745	15868	1883	13374	15257	67,7	-9,3	-3,9
Mái	2207	17493	19700	2928	16790	19718	32,7	-4,0	0,1
Júní	2229	16734	18963	5832	11531	17363	161,6	-31,1	-8,4
Júlí	1390	16831	18221	2619	17663	20282	88,4	4,9	11,3
Ágúst	2148	17699	19847	5732	21218	26950	166,9	19,9	35,8
Sept.	2723	15403	18126	8331	19900	28231	205,9	29,2	55,7
Okt.	2629	17413	20042	4686	20375	25061	78,2	17,0	25,0
Nóv.	4212	18182	22394	8440	22033	30473	100,4	21,2	36,1
Des.	3426	16151	19577	7858	18147	26005	129,4	12,4	32,8
I	6299	36667	42966	7895	39031	46926	25,3	6,4	9,2
II	5559	48972	54531	10643	41695	52338	91,5	-14,9	-4,0
III	6261	49933	56194	16682	58781	75463	166,4	17,7	34,9
IV	10267	51746	62013	20984	60555	81539	104,4	17,0	31,5
Alls	28386	187318	215704	56204	200062	256266	98,0	6,8	18,8

Verðmæti almenns innflutnings jókst um 18,8% á árinu 1979 reiknað á meðalgengi ársins. Verðmæti olíuinnflutnings jókst um 98% og var það að mestu leyti vegna hinnar miklu hækkunar, sem var á heimsmarkaðsverði olíu á árinu. Magnaukning olíuinnflutnings í tonnum nam rúmlega 6% frá fyrra ári og var um að ræða nokkra birgðaaukningu í landinu. Verðmæti annars almenns innflutnings en olíu jókst um 6,8% á árinu.



Á fyrra helmingi ársins varð samdráttur um 5,7%, en á síðara helmingi ársins varð aukning um 17,4%, sem skiptist nokkuð jafnt á tvo síðustu ársfjórðungana. Innflutningur sérstakra fjárfestingarvara jókst í heild um 32,8% á árinu. Innflutningur skipa og flugvéla jókst um 4,2 milljarða króna eða 48,6%, en innflutningur annarra sérstakra fjárfestingarvara jókst um 9,8%, mest vegna framkvæmda við álbræðslu og einnig varð nokkur aukning á innflutningi vegna virkjunarframkvæmda á vegum Landsvirkjunar. Innflutningur vegna byggingar járnblendiverksmiðju lækkaði hins vegar úr 4,6 milljörðum króna 1978 í 2,7 milljarða 1979. Framangreindar tölur eru allar miðaðar við meðalgengi 1979. Skipting innflutnings eftir notkun varð þessi: Neyzluvörur 32,8%, rekstrarvörur 39,3% og fjárfestingarvörur 27,9%.


Skipting innflutnings á lönd

Helztu breytingar á skiptingu innflutnings á lönd miðað við árið áður voru þær, að innflutningur frá Austur-Evrópulöndum jókst úr 10,2% í 12,7% af heildarinnflutningi, og þar af jókst hlutur Sovétríkjanna úr 8,4% í 11,2%, eingöngu vegna áhrifa af hækkuðu olíuverði. Hlutdeild landa Fríverzlunarsamtakanna (EFTA) jókst úr 22,1% í 22,7%, en hlutdeild landa Efnahagsbandalagsins (EBE) lækkaði úr 47,1% í 46,5% af heildarinnflutningi. Hlutur Bandaríkjanna lækkaði úr 7,1% í 6,5% af heildarinnflutningi.

Vöruskiptajöfnuður

Samkvæmt bráðabirgðatölum greiðslujafnaðar varð vöruskiptajöfnuður hagstæður um 9,3 milljarða króna 1979 á móti 11,6 milljörðum króna 1978 umreiknað á meðalgengi ársins 1979. Samkvæmt því varð vöruskiptajöfnuðurinn 2,3 mill-

Þjónustujöfnuður



jörðum króna óhagstæðari 1979 en árið áður. Sé hins vegar tekið tillit til mismunandi birgðapróunar útflutningsvara og innflutningur sérstakra fjárfestingarvara jafnaður milli ára, reynist vöruskiptajöfnuður 9 milljörðum króna hagstæðari 1979 en árið áður eins og nánar er frá greint hér að framan. Í tölum greiðslujafnaðar eru bæði inn- og útflutnings-
tölur reiknaðar á f.o.b.-verði.

Til þjónustujafnaðar teljast tekjur og gjöld af ferðalögum, tryggingum, vaxtagreiðslum, samgöngum, viðskiptum við varnarliðið o.fl. Samkvæmt bráðabirgðayfirliti er áætlað, að þjónustutekjur hafi numið 107,2 milljörðum króna, og er það um 9% aukning frá fyrra ári.

Þjónustugjöld námu 123,7 milljörðum króna, sem er rúmlega 24% aukning frá árinu 1978, þegar miðað er við meðalgengi 1979. Þjónustujöfnuður varð því óhagstæður um 16,5 milljarða króna 1979, en árið áður reyndist þjónustujöfnuður óhagstæður um 1,1 milljarð króna á samsvarandi gengi. Með gjöldum 1979 eru talin þjónustugjöld vegna álbræðslu, 5,4 milljarðar króna, en voru 4,6 milljarðar 1978 reiknað á meðalgengi 1979. Hinn mikli halli á þjónustujöfnuði á árinu 1979 á að mestu rætur að rekja til óhagstæðrar þróunar í afkomu flugsamgangna, ásamt verulegri aukningu vaxtagjalda og ferða- og dvalarkostnaðar. Reiknað á föstu gengi varð tekju-
aukning flugfélaga aðeins 2%, meðan útgjöld jukust um rúmlega 42%. Er hækkun eldsneytis þar mestur orsakavaldur, og fargjöld hafa enn lítið hækkað til mótvægis. Af einstökum liðum þjónustujafnaðar vegur samgönguliðurinn þyngst eða nálægt 48% gjaldamegin og 55% teknamegin. Innan samgönguliðarins eru tekjur og gjöld vegna flugs stærsti þátturinn, og námu tekjur flugfélaga um 70% tekna af samgöngum og um 38% af þjónustutekjum í heild. Útgjöld flugfélaga námu um 60% af útgjöldum vegna samgangna og um 28% af þjónustuútgjöldum í heild. Á ferða- og dvalarkostnaðarliðunum er aðeins talinn með sá hluti tekna af erlendum ferðamönnum, sem skilað er til banka, þar með taldar tekjur fríhafnar á Keflavíkurflugvelli. Hins vegar eru fargjöld, sem erlendir ferðamenn greiða fyrir ferðir með íslenskum farartækjum milli landa, talin í samgöngulið og eru mikilvægur hluti hans. Með gjöldum vegna ferðalaga er talinn námskostnaður, sem nam 3,7 milljörðum króna 1979, og sjúkrakostnaður að upphæð 0,4 milljarðar króna. Á árinu var rýmkað um úthlutun gjaldeyris til almennra ferðalaga, og er nú veitt jafnhá upphæð til annarrar ferðar innan almanaksárs og til fyrstu ferðar. Upphæð íslenskra peninga, sem ferðamönnum er heimilt að flytja inn og út úr landinu, var hækkuð úr

Fjármagns- hreyfingar

20 þús. kr. í 30 þús. kr. Vaxtagjöld námu 29,2 milljörðum króna á árinu 1979 og höfðu aukizt um 6,2 milljarða króna frá fyrra ári, en á árinu 1978 höfðu þau aukizt um 3,5 milljarða króna reiknað á meðalgengi 1979. Tekjur af varnarliðsviðskiptum lækkuðu um tæpa 3 milljarða króna miðað við árið áður, sem er tæplega 15% lækkun reiknað á meðalgengi 1979.

Framlög án endurgjalds, en til þeirra teljast eignayfirfærslur, rekstrarframlög til alþjóðastofnana og gjafafé, urðu óhagstæð um einn milljarð króna á árinu 1979.


Helztu liðir fjármagnsjafnaðar eru innkomin lán til lengri tíma en eins árs, endurgreiðslur slíkra lána, stutt vörukaupalán, ógreiddur útflutningur og ýmsar aðrar fjármagnshreyfingar. Eftirfarandi yfirlit sýnir bráðabirgðatölur yfir hreyfingar langra erlendra lána á árinu 1979 skipt á opinbera aðila, lánastofnanir og einkaaðila, eftir því hverjir af þessum aðilum hafa tekið lánin hjá hinum erlendu aðilum.

Hreyfingar langra erlendra lána 1979


(Í m.kr. á meðalgengi ársins 1979)

	<i>Innkomið</i>	<i>Afborganir</i>	<i>Nettóaukning</i>
Opinberir aðilar	32.500	-12.650	19.850
Lánastofnanir	10.880	-8.910	1.970
Einkaaðilar	13.590	-6.750	6.840
Samtals	56.970	-28.310	28.660

Samkvæmt yfirlitinu hafa skuldir í formi erlendra lána til eins árs og lengri tíma hækkað um 28,7 milljarða króna. Þar af voru 2,1 milljarður króna lántaka, sem notuð var til þess að greiða upp í kaup á flugvélum, sem komu ekki til landsins fyrr en á árinu 1980 og koma því ekki í innflutningstölur fyrr en á því ári. Ennfremur var um að ræða 1,1 milljarð króna vegna breytinga á skammtímarekstrarlánnum í lán til langs tíma. Aukning langtímalána á árinu 1979 vegna samtíma framkvæmda varð því 25,5 milljarðar króna, og er það um 12 milljörðum króna meira en reiknað var með í upphaflegri lánsfjáráætlun 1979. Má rekja þessa miklu hækkun til meiri fjármagnsþarfar vegna hækkunaráhrifa gengis- og verðlagsbreytinga, aukinna framkvæmda opinberra aðila, einkum í orkumálum, og meiri skipainnflutnings en áætlað var. Samkvæmt bráðabirgðatölum var heildarupphæð langra erlendra lána 335 milljarðar króna í árslok 1979 reiknað á gengi í árslokinn, en fært til meðalgengis ársins eru það um 35% af vergri þjóðarframleiðslu, sem er heldur hærra hlutfall en undanfarin þrjú



ár. Greiðslubyrði af löngum erlendum lánum, það er afborganir og vextir, nam samkvæmt bráðabirgðatölum 14,2% af útflutningstekjum, en sl. fimm ár hefur þetta hlutfall verið 13-14 af hundraði.



Línurit hér til hliðar sýnir árslokastöðu erlendra lána til eins árs og lengri tíma, færða til meðalgengis hvers árs, í hlutfalli af vergri þjóðarframleiðslu ásamt greiðslubyrði slíkra lána í hlutfalli af útflutningstekjum sl. tíu ár. Stutt vörukaupalán innflytjenda jukust um 7,5 milljarða króna reiknað á meðalgengi ársins, ýmis skammtímaendurlán bankanna vegna innflutnings og fleira jukust um 6,7 milljarða króna og ógreiddur útflutningur jókst um 8,8 milljarða króna reiknað á sama hátt. Nettóinnstreymi á þessum fjórum mikilvægu liðum greiðslujafnaðarins, langtímalánum, stuttum vörukaupalánum innflytjenda, endurlánuðum skammtímalánum bankanna og ógreiddum útflutningi, nam því 34 milljörðum króna á árinu 1979. Í árslok 1979 var nettóskuld við útlönd á þessum fjórum liðum 356 milljarðar króna, en sé nettógjalddeyriseign bankanna dregin frá þeirri skuld, er nettóskuld þjóðarbúsins við útlönd 312 milljarðar króna reiknað á gengi í árslokin. Á 6. töflu í viðauka um stöðu þjóðarbúsins út á við eru sýndar stöðutölur fyrir þessa liði síðustu 12 ár.

Á öðrum liðum fjármagnsjafnaðarins, sem eru erlent einkafjármagn til atvinnurekstrar og ýmsar stuttar reikningshreyfingar var nettóúttreymi um 10 milljarðar króna. Í heild nam nettóinnstreymi á fjármagnsjöfnuði því 24 milljörðum króna.

Utan við fjármagnsjöfnuðinn eru greiðsluhreyfingar banka-kerfisins, sem valda breytingu gjaldeyrisstöðunnar, samanber liðinn heildargreiðslujöfnuður á meðfylgjandi töflu, sem sýnir bráðabirgðayfirlit helztu þátta greiðslujafnaðarins 1979, þar sem einnig eru tilgreindar tölur fyrir árið 1978. Til þess að auðvelda samanburð hafa tölur ársins 1978 verið umreiknaðar til meðalviðskiptagengis 1979.


Greiðslujöfnuður við útlönd
(Í milljörðum króna á meðalgengi 1979)

	1978	1979
Innfluttar vörur f.o.b.	-224,4	-269,2
Útfluttar vörur f.o.b.	236,0	278,5
Vöruskiptajöfnuður	11,6	9,3
Þjónustujöfnuður	-1,1	-16,5
Viðskiptajöfnuður	10,5	-7,2
Framlög án endurgjalds	-0,3	-1,0
Fjármagnsjöfnuður	9,2	24,1
Úthlutun SDR	-	1,2
Heildargreiðslujöfnuður	19,4	17,1

Á 4. töflu í viðauka er nánara yfirlit yfir greiðslujöfnuð við útlönd 1975–1979, og á 5. töflu er ársfjórðungslegt yfirlit 1978 og 1979.

Meðfylgjandi yfirlit sýnir gjaldeyrisstöðu bankanna sl. þrjú ár. Tölur í þessu yfirliti eru umreiknaðar úr erlendri mynt í íslenskar krónur á skráðu gengi í árslok 1979 og eru því á sambærilegu gengi innbyrðis, en ekki við tölur hér að framan, sem miðaðar eru við meðalviðskiptagengi 1979. Meiri hækkun gjaldeyrisstöðunnar en svarar heildargreiðslujöfnuði á meðalviðskiptagengi stafar af mismunandi tímasetningu viðskipta á hvora hlið innan ársins ásamt mismunandi samsetningu gjaldmiðla og áhrifum þess á meðalgengi ársins.

Gjaldeyrisstaðan



Gjaldeyrisstaða bankanna
(Í m.kr. á gengi í árslok 1979)

	1977	1978	1979
Seðlabankinn			
Gjaldeyrisforði	42.705	54.860	64.754
Gjaldeyrissskuldir	33.763	32.996	24.371
Nettóstaða Seðlabankans	8.942	21.864	40.383
Viðskiptabankar, nettó	3.435	3.777	3.971
Gjaldeyrisstaða bankanna, nettó	12.377	25.641	44.354

Í ársbyrjun 1979 nam skuld Seðlabankans við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn 52,9 milljónum SDR-eininga að meðtöldu gjaldeyrisstöduframlagi (gullframlagi), sem nam 5,75 milljónum SDR-eininga. Á árinu var gjaldeyrisstöduframlagið greitt að

fullu og auk þess 12,4 millj. SDR-eininga af öðrum skuldum, þannig að skuldin við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn nam 34,7 milljónum SDR-eininga í árslok 1979.

Upphæð langra erlendra lána, sem tekin voru á árinu 1979 og komu inn í gjaldeyriskaup bankanna og höfðu þannig bein áhrif á bata gjaldeyrisstöðunnar, nam 20,1 milljarði króna á gengi í árslok. Innstæður á gjaldeyrisreikningum innlendra aðila námu í árslok 3.216 m.kr. á móti 1.078 m.kr. í árslok 1978.

Á árinu voru staðfest lög nr. 63 31. maí 1979, um skipan gjald-eyris- og viðskiptamála, og síðan gefin út reglugerð samkvæmt þeim lögum, sem taka skyldu gildi á árinu 1980. Gera lögín og reglugerðin ráð fyrir nokkurri rýmkun og einföldun í gjald-eyrisviðskiptum bankanna, skýrslugerð og eftirliti þar að lútandi.

FJÁRMÁL RÍKISSJÓÐS

Útkoman 1979



Samkvæmt greiðslufirliti ríkisbókhalds varð greiðsluafgangur hjá ríkissjóði á árinu 1979, í fyrsta sinn frá 1972. Afgangurinn var að vísu ekki mikill eða aðeins um 1,1 milljarður króna, en er þó mikilsverð breyting frá stöðugum hallarekstri árin 1973 til 1978. Eins og nánar verður vikið að segir greiðsluniðurstaða ársins í heild ekki nema hálfra söguna, því að hvort tveggja er, að mjög sterkrar árstíðasveiflu gætir í fjármálum ríkissjóðs, sem felur í sér mikinn halla fram eftir ári, og gert var ráð fyrir óvenjumiklum greiðsluafgangi í fjárlögum ársins eða sem nam 3,6% áætlaðra tekna á árinu. Á sama mælikvarða varð afgangurinn hins vegar aðeins um 0,5% skv. fyrstu tölum ríkisbókhalds, en ríkisreikningur hefur ekki verið lagður fram, þegar þetta er ritað. Á línuritinu til hliðar er sýnt hlutfall greiðsluafgangs eða halla ríkissjóðs og vergrar þjóðarframleiðslu frá 1970 til 1979 og sést af því, að afgangurinn 1979 er harla rýr í samanburði við halla síðustu ára.

Stefnan í fjármálum ríkissjóðs var mörkuð í fjárlögum og í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar. Samkvæmt þeim átti ríkisbúskapurinn að leggja drjúgan skerf til baráttunnar gegn verðbólgu, með því að ríkissjóður skilaði umtalsverðum greiðsluafgangi og grynnti þar með verulega á skuldum sínum við Seðlabankann. Taflan hér á eftir sýnir greiðslufirlit ríkissjóðs á greiðslugrunni fyrir árin 1975 til 1979 og auk þess fjárlagatölur ársins 1979. Svo sem ráða má af línu 5, varð greiðsluafkoman 1979 allmiklu lakari en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Neðri hluti töflunnar sýnir hlutföll helztu stærða greiðslufirlitsins og vergrar þjóðarframleiðslu. Hlutfall tekna ríkissjóðs af þjóðarframleiðslu var á árinu 1979 28,4% eða hærra en nokkru sinni, frá því að núgildandi ríkisreikningslög komu fyrst til framkvæmda, 1968. Hlutfall gjalda af þjóðarframleiðslu var á árinu 1979 28,7%, nokkru lægra en 1975, svipað og 1974 og hærra en önnur ár frá 1968. Minna má á, að í lögnum um stjórn efnahagsmála o.fl. frá

10. apríl 1979 var kveðið svo á, að heildartekjur og gjöld ríkissjóðs á árinu 1979 skyldu haldast innan við 30% af vergri þjóðarframleiðslu.

Yfirlit um fjármál ríkissjóðs á greiðslugrunni


Í milljörðum króna						Fjár- lög
	1975	1976	1977	1978	1979	1979
1 Tekjur	49,3	68,3	95,6	154,3	238,7	209,0
2 Gjöld	57,6	69,8	101,1	161,1	241,6	202,3
3 Rekstrarafgangur (1-2)	-8,2	-1,5	-5,5	-6,8	-3,0	6,7
4 Viðskiptareikningar og lán utan Seðlabankans	2,7	1,0	3,7	3,0	4,1	0,9
5 Greiðsluafgangur (3+4)	-5,5	-0,5	-1,8	-3,8	1,1	7,6
51 Gagnvart Seðlabanka	-5,5	-0,9	-2,1	-4,6	2,2	5,1
52 Bankainnstæður og sjóður	-	0,4	0,3	0,8	-1,1	2,5

Hlutföll af vergri þjóðarframleiðslu hvers árs (%)

1 Tekjur	25,6	25,7	25,1	26,7	28,4	.
2 Gjöld	29,9	26,3	26,5	27,9	28,7	.
3 Rekstrarafgangur	-4,3	-0,6	-1,4	-1,2	-0,4	.
5 Greiðsluafgangur	-2,9	-0,2	-0,5	-0,7	0,1	.


Hlutur beinna skatta í tekjuöflun ríkissjóðs stækkaði talsvert á árinu 1978 og virðist hafa bætt nokkru við á árinu 1979. Að því er óbeinu skattana áhrærir, hefur hlutur söluskatts og tolltekna minnkað, en vægi vörugjaldsins aukizt og tekjur af ÁTVR staðið nokkuð í stað. Útgjaldamegin varð mest aukning á niðurgreiðslum, en einnig nokkur vegna orkumála. Að tiltölu við þjóðarframleiðslu minnkaði hlutur annarra málaflokka eða stóð í stað.

Árstíðasveifla




Eins og oft hefur verið gerð grein fyrir, t.d. í ársskýrslu Seðlabankans fyrir 1978, gætir mjög sterkar árstíðasveiflu í fjármálum ríkissjóðs, og á hún rætur að rekja til ólíkrar dreifingar tekna og gjalda innan ársins. Af þessum sökum er jafnan um stórfelldan hallarekstur hjá ríkissjóði að ræða fyrstu mánuði hvers árs, og fjármögnun hans lendir að mestum hluta á Seðlabankanum. Sömuleiðis er stór sveifla innan hvers mánaðar. Viðskiptaskuld ríkissjóðs í Seðlabankanum vex hratt á fyrstu dögum hvers mánaðar og lækkar síðan síðustu dagana, þannig að lægsta skuld í hverjum mánuði er yfirleitt á síðasta degi hans. Línurit hér til hliðar sýnir rekstrarjöfnuð ríkissjóðs frá ársbyrjun til loka hvers mánaðar 1979 og hlut Seðlabankans í fjármögnun hallans eftir að ríkisvixlæign innlánsstofnana hefur verið dregin frá. Það sýnir hvort tveggja í senn innan-árssveiflu ríkisfjármálanna og mikilvægi fyrirgreiðslu Seðlabankans.

Af framansögðu leiðir, að heilsárstölur um afkomu ríkissjóðs gefa ekki nema takmarkaða mynd af þætti ríkisbúskaparins í framvindu efnahagsmála á viðkomandi ári. Sem dæmi má nefna, að eins og þegar hefur komið fram voru greiðsluhreyfingar ríkissjóðs við Seðlabankann hagstæðar um 2,2 milljarða króna á árinu 1979 skv. tölum ríkisbókhalds. Greiðsluhreyfingar frá ársbyrjun til loka hvers mánaðar voru hins vegar að meðaltali óhagstæðar um 6,4 milljarða króna, og á viðskiptareikningum ríkissjóðs í Seðlabankanum var að meðaltali skuld að fjárhæð 12,2 milljarðar króna. Afeinstökum mánuðum varð meðaldagsskuldin hæst í júlí, 17,5 milljarðar, og lægst í desember, 6,4 milljarðar.



Sem kunnugt er hefur á undanförunum árum verið leitast við að dreifa byrðinni af árstíðabundinni fjármögnun ríkissjóðshallans út fyrir Seðlabankann með sölu ríkisvixla til innlánsstofnana. Á árinu 1979 áttu innlánsstofnanir að meðaltali andvirði um 1,3 milljarða króna í formi ríkisvixla, þannig að þær hafa fjármagnað 10–11% af daglegri fyrirgreiðslu Seðlabankans. Hámarki náði ríkisvixlaeign innlánsstofnana í apríl og maí, 2,5 milljörðum króna, og mánuðina apríl til ágúst nam hún að meðaltali um 2,1 milljarði króna. Þessi fjármögnunarleið hefur vart nýtt sem skyldi, og verður án efa hugað að því í náinni framtíð að auka þátt innlánsstofnana í skammtímafyrirgreiðslu við ríkissjóð. Í þessu sambandi er vert að minnst þess, að breytingar á lausafjárstöðu bankanna eru nátengdar sveiflunni í fjármálum ríkissjóðs eins og nánar er vikið að í kaflanum um peningamál hér á eftir.

Þróun innan ársins



Þróun ríkisfjármálanna innan ársins 1979 var, eins og ljóst má vera, mjög í hátt við reynslu undanfarinna ára. Tafla 13 í töfluviðauka ársskýrslunnar sýnir m.a. mánaðarlegt greiðslufirlit ríkissjóðs 1979. Samkvæmt því var mikill hallarekstur fram eftir ári, en dæmið snerist síðan við upp úr miðju sumri, er ríkissjóður tók að draga til sín meira fé en frá honum streymdi. Mánaðarlegar greiðsluhreyfingar eru enn fremur sýndar á línuriti hér til hliðar. Auk greiðsluhreyfingar frá ársbyrjun til loka hvers mánaðar sýnir það meðalstöðuna á viðskiptareikningum ríkissjóðs í Seðlabankanum í mánuði hverjum.

Snemma sumars var orðið ljóst, að markmiðum fjárlaga um greiðsluafgang yrði ekki náð að óbreyttum aðstæðum. Af þeim sökum var beitt auknu aðhaldi og athuganir gerðar á möguleikum til aukinnar tekjuöflunar. Snemma í september voru síðan sett bráðabirgðalög, sem kváðu á um 2% hækkun sölu-skatts, og sett var reglugerð um hækkun vörugjalds, sem fól í

Skuldirnar við Seðlabankann

sér hækkun neðra álagningarþreps úr 18% í 24%. Síðustu mánuðir ársins urðu nokkru hagstæðari en venja er til, en mikill halli fram eftir árinu gerði það að verkum, að ekki náðist nema lítill greiðsluafgangur á árinu í heild þrátt fyrir ofangreindar aðgerðir í september.

Á fjárlögum ársins var ennfremur gert ráð fyrir, að rekstrarafgangur yrði 6,7 milljarðar króna, en í raun varð halli að fjárhæð 3 milljarðar króna. Greiðsluafgangurinn á því að öllu leyti rætur að rekja til lántaka utan Seðlabankans.

Ástæður þess, að ekki náðist sá árangur í fjármálum ríkissjóðs, sem vænzt var, má m.a. rekja til vanmetinna útgjaldaliða í fjárlögum, til mun örari hækkana launa og verðlags en ráð var fyrir gert, m.a. til 3% grunnkaupshækkunar, og til þess að niðurgreiðslur voru ekki lækkaðar svo sem þó var fyrirhugað. Þá má ennfremur nefna, að 1 milljarðs króna niðurskurður gjalda, sem kveðið var á um í lögum um stjórn efnahagsmála o.fl., kom ekki til framkvæmda nema að takmörkuðu leyti, svo sem títt er um ámóta áform á seinni árum.

Á undanförunum árum hefur ríkissjóður hlaðið upp skuldum við Seðlabankann. Upphaf þessarar skuldasöfnunar má rekja aftur til árana 1974 og 1975, en bæði þau ár varð gífurlegur rekstrarhalli hjá ríkissjóði, sem að miklum meirihluta var fjármagnaður af Seðlabankanum. Í árslok 1975 námu heildarskuldir ríkissjóðs, A-hluta, við Seðlabankann tæpum 9,3 milljörðum króna. Seðlabankinn aflaði síðan lána hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum til þess að fjármagna viðskiptahalla árunum 1974 og 1975 og raunar ársins 1976 einnig, því að þrátt fyrir mikil umskipti til hins betra á því ári náðist ekki jöfnuður og nokkur halli varð í viðskiptunum við Seðlabankann. Þar sem lán þessi voru bundin gengi alþjóðlegu reikningseiningarinnar, SDR, hækkaði höfuðstóll þeirra jafnan í hátt við hækkandi gengi erlendra gjaldmiðla gagnvart íslenskri krónu. Sem dæmi má nefna, að hækkun höfuðstóls vegna gengisbreytinga nam 1,5 milljarði króna 1977 og 7,4 milljörðum 1978.

Sem fyrr segir var ríkissjóður sömuleiðis rekinn með halla á árunum 1977 og 1978, og í stað þess að greiða af skuldum sínum í Seðlabankanum jók hann þær ár frá ári. Árlegum afborgunum var jafnan breytt í skuldabréfalán til fáeinna ára. Með þessu móti velti ríkissjóður skuldunum á undan sér og bætti nokkru við á hverju ári. Á árinu 1979 var hinum gengis tengdu lánnum breytt í krónulán, sem tekur verðbótapáttar meðferð í samræmi við vaxtareglur þær, sem gengu í gildi hinn 1. júní. Í árslok voru því allar skuldir A-hlutans tilgreindar

í krónum og námu alls 28,6 milljörðum króna og höfðu hækkað um 2,6 milljarða króna frá árslokum 1978. Hækkunin stafaði eingöngu af endurmati, þ.e. geymslu verðbótapáttar og ofurlitilli gengisuppfærslu á fyrstu mánuðum ársins, en eins og fyrr er sagt voru greiðsluhreyfingar ríkissjóðs við Seðlabankann hagstæður um 2,2 milljarða króna.

Heildarskuldin í árslok skiptist þannig, að 13,2 milljarðar voru eftirstöðvar skulda frá árunum 1974 til 1976, eftirstöðvar láns vegna hallarekstrar 1977 námu 1,6 milljarði og láns vegna hallarekstrar 1978 11,3 milljörðum króna. Tvö skammtímalán vegna rekstrarfjárþarfar á árinu 1979 námu 8,5 milljörðum króna. Samtals námu skuldabréf þessi 34,6 milljörðum króna, en á móti stóð 6 milljarða króna nettóinnstæða á viðskiptareikningum, þannig að nettóskuld A-hlutans við Seðlabankann nam 28,6 milljörðum króna, eins og fyrr er sagt. Endurgreiðsluskilmálar lánanna um áramót voru þannig, að megnið af þeim skyldi greiðast upp fyrir árslok 1982 og afgangurinn að fullu fyrir árslok 1984.

Þrátt fyrir að verulegur hluti skuldanna hafi verið gengisbundinn fram á árið 1979 og þrátt fyrir stöðugan hallarekstur þar til 1979 og þar með sífellda hækkun skuldanna í krónum, hefur höfuðstóll þeirra lækkað í samanburði við ýmsar aðrar stærðir, svo sem tekjur ríkissjóðs og verga þjóðarframleiðslu. Reiknaðar til meðalverðlags ársins í samræmi við breytingar framfærsluvísitölu námu skuldir ríkissjóðs í árslok 1979 sem svarar 2,7% vergrar þjóðarframleiðslu samanborið við 4,3% 1975. Ef skuldir A-hlutans í Seðlabankanum í lok hvers árs eru reiknaðar til verðlags í árslok 1979 skv. hækkun framfærslukostnaðar, kemur svipað í ljós, og á tímabilinu frá 1974 að telja hafa þær verið í hámarki í árslok 1978, en á því ári lækkaði gengi krónunnar mikið, þannig að uppfærsla erlendu skuldanna var óvenjumikil. Í árslok 1979 voru skuldirnar hins vegar hlutfallslega lægri en nokkru sinni frá árslokum 1974.

Á meðan vextir af innlendum lánum ríkissjóðs eru lægri en nemur hækkun verðlags, er ljóst, að verðbólgan hleypur undir bagga með ríkissjóði og léttir greiðslubyrðina af lánum hans í Seðlabankanum.

Af Seðlabankans hálfu hefur jafnan verið lögð rík áherzla á að ríkissjóður endurgreiði skuldirnar við Seðlabankann skv. ákvæðum skuldabréfanna. Bæði er, að starfsfé Seðlabankans hefur stórlega rýrnað á undanförunum árum og möguleikar hans á að byggja upp og viðhalda viðunandi gjaldeyrisvarasjóði hafa skerzt, ekki sízt vegna hinnar miklu fyrirgreiðslu við ríkissjóð, og svo hitt, að verðbólga verður ekki minnkuð og jöfnuði ekki haldið í viðskiptunum við útlönd, nema dregið verði úr þensluáhrifum ríkissjóðs.

**Lánsfjáráætlun
ríkisins**

Meðfylgjandi tafla sýnir yfirlit um lánsfjáráætlun A- og B-hluta ríkissjóðs og framkvæmd hennar. Eins og sjá má hafa orðið umtalsverð frávik frá upphaflegri áætlun og heildarlánsfjárförf ríkissjóðs hækkað úr 15,7 í 22,5 milljarða króna. Að verulegu leyti stafa hækkanirnar af aukningu orkuframkvæmda í kjölfar olíuverðhækkananna á árinu, af mjög erfiðri rekstrarstöðu RARIK og af aukinni fjárförf Lána-sjóðs íslenskra námsmanna. Aukinni fjárförf var mætt með lántökum bæði innanlands og erlendis.

*Lánsfjárförf ríkisins 1979 og fjármögnun hennar
(í m.kr.)*

	Upphafleg lánsfjár- ætlun	Breytingar og viðb.	Niður- staða
1 Rádstöfun alls	15.730	6.770	22.500
11 A-hluti	4.750	960	5.710
1101 Vegagerð	3.130	600	3.730
1102 Landshafnir	150	-	150
1103 Grundartangahöfn	230	-	230
1104 Flugöryggistæki	200	-200	-
1105 Laxastigi í Laxá	60	-	60
1106 Þjóðarbókhlaða	200	-200	-
1107 Járblendifélag - hlutafé	600	-	600
1108 Landsvirkjun - eigið fé	180	-	180
1109 RARIK v. skuldagreiðslna	600	600
1110 Rannsóknir v. Fljótaldsvirkjunar	160	160
12 B-hluti	10.980	5.810	16.790
1201 RARIK - almennar framkvæmdir	1.957	530	2.487
1202 RARIK - til að létta skuldabyrði	600	-600	-
1203 RARIK v. Vestmannaeyjastrengs	290	-	290
1204 Bessastaðarárvirkjun	600	-160	440
1205 Sveitarafvæðing	200	-	200
1206 Byggðalínur	2.207	1.278	3.485
1207 Kröfluvirkjun	270	507	777
1208 Flugvél Flugmálastjórnar	160	-	160
1209 Jarðvarmaveitur v. Kísiliðju	250	325	575
1210 Orkusjóður v. Orkubús Vestfjarða	360	745	1.105
1211 Orkusjóður v. styrkingar dreifikerfa	225	372	597
1212 Póstur og sími	2.145	-180	1.965
12121 Vegna jarðstöðvar o.fl.	1.260	-237	1.023
12122 Vörukaupalán	400	57	457
12123 Vegna skuldagreiðslna	485	-	485
1213 Lána-sjóður íslenskra námsmanna	700	1.328	2.028
1214 Jarðboranir ríkisins, steypudæla	200	-200	-
1215 Lyfjaverzlun ríkisins	180	-	180
1216 Borgartún 6	460	-	460
1217 Endurlán v. Grundartangahafnar	176	25	201
1218 RARIK v. skuldagreiðslna	736	736
1219 RARIK v. greiðsluhalla	630	630
1220 RARIK v. fjarvarmaveitu á Höfn	70	70
1221 Ríkisútvarp	300	300
1222 Grænifóðurverksmiðjur	104	104
2 Fjármögnun alls	15.730	6.770	22.500
21 Innlend lán	5.175	2.884	8.059
211 Spariskírteini	4.200	2.300	6.500
212 Innheimt af endurlánuðu spariskírteinafé o.fl.	975	-420	555
213 Önnur innlend lán	-	1.004	1.004
22 Erlend lán	10.555	3.886	14.441

PENINGAMÁL

Á árinu 1979 í heild réðu gjaldeyrisviðskipti og endurkaup afurðalána mestu um útstreymi fjár úr Seðlabankanum. Á fyrri hluta ársins var auk þess mikill greiðsluhalli ríkissjóðs fjármagnaður með lánunum úr Seðlabankanum. Eftir verulega rýrnun í janúar batnaði lausafjárstaða innlánsstofnana afar-mikið á þessum mánuðum þrátt fyrir mjög mikla aukningu útlána, sem samtímis átti sér stað. Á síðari hluta ársins, er innlánsbinding hafði verið aukin og greiðsluafkoma ríkissjóðs varð hagstæð, rýrnaði lausafjárstaðan verulega, enda jukust útlánin með vaxandi hraða út árið.

Áður en gerð er nánari grein fyrir þróun einstakra þátta peningamálanna, verður að skýra frá þeim aðgerðum á sviði peningamála, er til framkvæmda komu á árinu og höfðu veigamikil áhrif á þróunina. Í síðari hluta kaflans verður svo þróun einstakra þátta yfir árið lýst nánar.

Í ársbyrjun 1979 var gerð sú breyting á lánskjörum endurkeyþtra afurðalána vegna útflutnings, að vextir þeirra voru lækkaðir úr 18% í 8,5%, en lánin jafnframt bundin gengi Bandaríkjadollars. Þá var einnig tekinn upp nýr flokkur vaxtaaukainnlána með 3 mánaða uppsagnarfresti, og voru vextir þeirra ákveðnir 25%. Að ósk ríkisstjórnarinnar var frekari vaxtabreytingum frestað, en í viðræðum um málið hafði Seðlabankinn lagt áherzlu á nauðsyn þess að hækka vexti frekar, einkum á vaxtaaukainnlánum, svo að tryggður yrði meiri innlendir sparnaður og betra jafnvægi á fjármagnsmarkaði og komið í veg fyrir verulegan eignatilflutning frá sparifjáreigendum til skuldara vegna neikvæðra raunvaxta. Þá hafði Seðlabanki undirbúið tillögur um að dreifa endurgreiðslum lána, sem bera háa nafnvexti, jafnar á lánstímann en tíðkæzt hefur. Þessar tillögur biðu heildarstefnumótunar ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, en komu við sögu síðar á árinu.

Snemma í aprílmánuði voru samþykkt lög um stjórn efnahagsmála o.fl., sem marka þáttaskil í stefnu stjórnvalda í vaxtamálum. Í lögnum segir, að vaxtaákvarðanir skuli við það miðaðar, að fyrir árslok 1980 verði í áföngum komið á verð-

Vaxtabreyting
10. janúar

**Lög um stjórn
efnahagsmála o.fl.
10. apríl**

**Vaxtabreyting
1. júní**

Lánskjaravísitala	
1/6 1979:	100
1/7	103
1/8	107
1/9	113
1/10	118
1/11	122
1/12	130
1/1 1980:	135
1/2	139
1/3	143
1/4	147
1/5	153

tryggingu inn- og útlána. Reglur um verðtryggingu skulu við það miðaðar að tryggja allt sparifé, sem bundið er til 3 mánaða eða lengur, gegn verðryrnun. Vextir hinna nýju 3 mánaða reikninga mynda því viðmiðunargrundvöll vaxtakerfisins. Samkvæmt lögnum getur verðtryggingin verið með tvennum hætti. Í fyrsta lagi er heimilt að miða við sérstaka vísitölu, sem Seðlabanki skal reikna. Í öðru lagi er heimilt að ákveða verðtryggingu í því formi, að sérstakur verðbótaþáttur vaxta, sem tengdur er verðlagsbreytingum með formlegum hætti, leggist við höfuðstól láns og greiðist eins og hann. Var þetta lögfest að áðurnefndum tillögum Seðlabankans, en með því að fara með verðbótaþátt vaxta eins og höfuðstól í stað venjulegrar vaxtameðferðar léttist greiðslubyrði lána á fyrri hluta lánstíma og greiðsluferillinn verður í raun eftirlíking af greiðsluferli vísitölubundins láns.

Þar sem löggin fela í sér formlega tengingu lánskjara við verðlagsbreytingar, þótti eðlilegt að taka fyrsta skrefið hinn 1. júní að afloknum útreikningi vísitölu framfærslukostnaðar fyrir maímánuð. Jafnframt var ákveðið að ná markmiði laganna í ársfjórðungslegum áföngum, sem þá yrðu sjö talsins. Þegar hinn 1. júní var veitt heimild til að vísitölubinda lán, sem bankar eða aðrir aðilar veita til 4 ára eða lengri tíma. Í þessu skyni birtir Seðlabankinn mánaðarlega lánskjaravísitölu, sem sett var 100 hinn 1. júní 1979. Er hún samsett að 2/3 hlutum af vísitölu framfærslukostnaðar og 1/3 hluta af vísitölu byggingarkostnaðar, eins og þær eru á hverjum tíma, en þá fjóra mánuði, sem hvorug er reiknuð, er byggt á áætlun. Vextir þessara lána voru ákveðnir 2% í upphafi, og hefur þeim ekki verið breytt síðan. Afborganir og vextir eru reiknaðir af verðbættum höfuðstól í samræmi við lánskjaravísitöluna. Eru þessi lán því verðtryggð að fullu, enda nær lánstími þeirra fram yfir aðlögunartíma að fullri verðtryggingu annarra fjárskuldbindinga.

Fyrsti áfangi að verðtryggingu annarra tegunda inn- og útlána fól í sér hækkun heildarvaxta um 2–3 prósentustig og ákveðnari aðgreiningu en áður í grunnvexti og verðbótaþátt. Verðbótaþáttur vaxtanna tengist verðlagsbreytingum með formlegum hætti þannig, að verðbólguástigið er metið ársfjórðungslega og verðbótaþáttur vaxta 3 mánaða innlána, viðmiðunarvextirnir, látnir nálgast þetta verðbólguástigið í ársfjórðungslegum áföngum. Verðbólguástigið er metið út frá þekktum og áætluðum breytingum vísitalna framfærslukostnaðar og byggingarkostnaðar. Tekið er meðaltal verðhækkana síðasta hálfa árið og áætlaðra hækkana næsta hálfa árið, en nýliðinn ársfjórðungur og næstkomandi vega tvöfalt á við næstu árs-

Úr reikningum Seðlabankans

	Hreyfingar					
	Staða 31/12	1978	1979	1. árs- þriðj. 1979	2. árs- þriðj. 1979	3. árs- þriðj. 1979
<i>Í milljörðum króna</i>						
1 Gjaldeyrisstaða (þar af endurmat v/gengis)	40,0	12,8	23,0	8,2	7,3	7,5
		(-1,4)	(6,5)	(1,1)	(3,9)	(1,5)
2 Innlendir liðir, nettó	46,3	8,1	4,7	-1,1	-3,8	9,6
21 Kröfur á ríkissjóð, nettó ¹⁾	28,0	13,0	0,1	11,6	-7,0	-4,5
211 A-hluti (þ.a. endurmat v/gengis og verðbótap.)	28,3	11,5	2,3	8,9	-0,5	-6,1
		(7,5)	(4,5)	(0,2)	(2,3)	(2,0)
212 B-hluti	-0,3	1,5	-2,2	2,7	-6,5	1,6
22 Kröfur á fjárfestingarlánasj.	1,6	-0,4	-0,3	-	-0,3	-
23 Endurkaup	58,7	13,2	19,0	0,4	2,9	15,7
231 Landbúnaður	23,7	6,1	7,7	-5,8	1,2	12,3
232 Sjávarútvegur	28,2	4,6	9,8	5,0	2,4	2,4
233 Iðnaður	6,3	1,5	2,2	1,3	0,1	0,8
234 Önnur	0,5	1,0	-0,7	-0,1	-0,8	0,2
24 Aðrar kröfur á innlánsst.	9,4	-0,5	4,1	-0,2	8,2	-3,9
25 Kröfur á aðra aðila	0,1	-	-0,1	-	-0,1	-
26 Sjóðir í opinberri vörzlu (-) ²⁾	-23,9	-12,5	-4,3	-3,4	3,4	-4,3
27 Innstæður fjárfestingarlánasj.	-7,3	0,2	-4,2	-3,8	-0,2	-0,2
28 Annað, nettó	-20,3	-4,9	-9,6	-5,7	-10,7	6,8
3 Grunnfé	86,3	20,9	27,7	7,1	3,5	17,1
31 Innstæður innlánsstofnana	70,6	17,4	24,1	6,9	2,0	15,2
32 Seðlar og mynt í umferð	15,7	3,5	3,6	0,2	1,5	1,9
		<i>Hreyfingar í % á ári³⁾</i>				
Grunnfé	55,4	47,2	64,9	39,9	37,2	
Endurkaup	50,0	47,8	10,1	56,4	87,3	
Seðlar og mynt	40,1	29,2	33,8	45,1	10,0	

1) Endurlánuð löng erlend lán eru ekki talin með. 2) Innstæða og innstæðuaukning eru merktar með mínusmerki.
3) Ársigildi hreyfinga á hverjum ársþriðjungi eru reiknuð af árstíðaleiðréttum tölum.

fjórðunga á undan og eftir. Fyrir vaxtabreytinguna 1. júní var verðbólguástigið metið 41,8%. Bilið frá heildarvöxtum 3 mánaða reikninga í þetta verðbólguástigi var þá minnkað um 1/7 hluta, þar sem áfangarnir skyldu verða sjö að tölu. Hækkuðu vextir 3 mánaða reikninganna þá úr 25% í 27,5% og aðrir innlánsvextir um 2,5 prósentustig nema vextir almennra spari-innlána, sem hækkuðu um 3 prósentustig. Útlánsvextir hækkuðu um 2-2,5 prósentustig. Vaxtagjalddagar útlána eru iðulega fleiri en einn á ári, þannig að fyrir áhrif vaxtavaxta varð svipuð hækkan á ávöxtun útlána og innlána að þessu sinni. Síðar á árinu var mismunur út- og innlánsvaxta minnkaður nokkuð.

Hinn 1. september var verðbótapáttur vaxta hækkaður um 5,5 prósentustig á veltiinnlánnum, 5 prósentustig á öðrum innlánnum og 3-4,5 prósentustig á útlánnum, en þá var verðbólguástigið metið 52,3%. Hinn 1. desember, er fyrir dyrum stóðu alþingiskosningar og mikil óvissa ríkti um framhald stefnunnar í efnahagsmálum og um verðlagshorfur, reyndist ekki unnt að

Vaxtabreyting 1. september og 1. desember


1. marz 1980



meta verðbólguþing út frá venjulegum áætlunum, heldur lágu fyrir tvö dæmi um verðlagsþróun, annars vegar um sjálfkrafa framhald verðbólgu og hins vegar miðað við áhrif viðnáms gegn verðbólgu. Miðað við hið síðara var verðbólguþing metið 57%, og samkvæmt því átti verðbótaþáttur innlánsvaxta að hækka um 6 prósentustig. Þrátt fyrir þetta var verðbótaþáttur innlánsvaxta aðeins hækkaður um 4 prósentustig og útlánsvaxta um 2,5 prósentustig líkt og orðið hefði við óbreytt verðbólguþing frá 1. september. Byggðist þetta annars vegar á því, að nýorðnar verðlagshækkanir stöfuðu að sumu leyti af sérstökum ytri tilefnum, og hins vegar á því, að veruleg minnkun verðbólgunnar hlyti að verða forgangsmarkmið þeirrar ríkisstjórnar, er við tæki að loknum kosningum, með hliðsjón af stefnuýfirlýsingum stjórn-málaflokka.

Í næsta áfanga, 1. marz 1980, hefðu óbreyttar reglur um útreikninga verðbólguþings leitt til 3-5% hækkunar verðbótaþátta, eftir því hvernig verðlagsþróun næstu mánaða var metin. Engin breyting kom þó til framkvæmda, þar sem nýmynduð ríkisstjórn hafði í málefnaþing sínum tekið fram, að hún mundi beita sér fyrir því, að verðbótaþáttur vaxta yrði ekki hækkaður hinn 1. marz, enda gerir hún ráð fyrir lækkandi verðbólgu, það sem eftir er þessa árs. Miðað við þær forsendur mun verðbótaþáttur geta farið lækkandi með minnkandi verðbólgu á síðari helmingi ársins.

Um þessar mundir er lánskjarakerfið í heild sinni í nokkru millibilsástandi, sem einkennist af óeðlilegum mun milli einstakra útlána- eða innlánategunda. Vísitölubinding er orðin algild regla á spariskirteinum ríkissjóðs, flestum lánum fjárfestingarlánasjóða, nýjum lánnum margra lífeyrissjóða og langtímalánum innlánsstofnana eins og áður sagði. Full verðtrygging með þessum hætti er einnig heimil í viðskiptum einkaaðila og færast að líkindum í vöxt eftir breytingar skattalaga, er gildi tóku snemma árs 1980, en samkvæmt þeim teljast vaxtatekjur og verðbætur fjárskuldbindinga einstaklinga ekki til skattskyldra tekna. Verðtrygging inn- og útlána innlánsstofnana, annarra en vísitölubundinna lána, er hins vegar aðeins komin á að hluta, og er munurinn afar mikill milli þeirra flokka, sem lengst eru komnir, þ.e. vaxta- aukaflokkanna, og annarra eins og sjá má í 34. töflu í töfluviðauka. Er afar mikilvægt að stefna að því, að samræmi komist á, þannig að ekki verði um tvöfalt vaxtakerfi að ræða. Lán til undirstöðuáttvinnuvega, sem aðallega eru veitt af ríkisbönkunum, eru að mestu leyti í formi víxla eða hlaupa- reikningslána. Vegna rekstrarafkomu bankanna er hins vegar



nauðsynlegt að ávaxta töliverðan hluta ráðstöfunarfjár í vaxtaaukaútlánunum. Auk hættunnar á misnotkun felur vaxta-kerfið því í sér sjálfhældu fyrir vissar innlánsstofnanir og dregur úr möguleikum þeirra til aðhalds í útlánamálum.

Lánsfjáráætlun

Auk vaxtabreytinganna var gripið til ýmissa annarra aðgerða í peningamálum, sem nú skal vikið að. Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar, sem lögð var fram á Alþingi í febrúarmánuði, var stefnt að því að halda aftur af vissum þáttum peningaframboðsins, einkum lánastarfsemi Seðlabankans og innlánsstofnana. Skyldu ríkisfjármálin leggja drjúgan skerf að þessu marki með um 7,4 milljarða króna endurgreiðslu skulda við Seðlabankann, en auk þess var lögð áherzla á, að draga þyrfti úr afurðalánunum bankans og/eða auka bindiskyldu innlánsstofnana. Auk þess fól áætlunin í sér, að almenn útlán innlánsstofnana ykjust ekki meira en um 33% yfir árið.

Endurkaupa- hlutföll

Lækkun endurkaupahlutfalla um þrjú prósentustig kom til framkvæmda strax í ársbyrjun, og lánaði Seðlabanki þá út á framleiðslu útflutningsafurða sem svarar 53,5% af verðmæti þeirra. Fyrirgreiðsla bankakerfisins í heild var þó óbreytt, 75% af afurðaverðmætinu. Lægra hlutfall eða 50% gilti um lán Seðlabankans út á afurðir, framleiddar fyrir innanlandsmarkað. Í ársbyrjun 1980 voru hlutföll Seðlabankans enn lækkuð um 1,5 prósentustig, og hafa þau þá verið lækkuð á þrem árum um 6,5 prósentustig, en hlutdeild viðskiptabanka aukin að sama skapi. Aftur á móti hefur verið dregið

Sjóðir í opinberri vörzlu

	Hreyfingar					
	Staða 31/12 1979	1978	1979	1. árs- þriðj. 1979	2. árs- þriðj. 1979	3. árs- þriðj. 1979
<i>Í milljörðum króna</i>						
Innstæður í Seðlabanka	23,9	12,5	4,3	3,4	-3,4	4,3
Verðjöfnunarsj. fiskiðnaðarins (þ.a. gengisuppfærsla)	11,7	3,6	4,1	0,2	0,4	3,6
		(2,4)	(2,2)	(0,3)	(1,4)	(0,5)
Aflatryggingarsjóður	4,8	1,3	2,4	0,9	0,3	1,2
Gengismunarsjóður	2,1	5,6	-3,7	0,3	-0,6	-3,4
Orlofsfé	3,5	1,3	0,7	1,8	-3,4	2,3
Tryggingarsjóður fiskiskipa	1,8	0,7	0,8	0,3	-	0,5

Lán til Framkvæmdasjóðs

úr reglubundnum lánnum viðskiptabankanna til Framkvæmdasjóðs. Síðan 1964 hafa bankar keypt skuldabréf af Framkvæmdasjóði sem svarar 10% af innlánaaukningu hvers árs, en slík reglubundin verðbréfa kaup hófust á árinu 1963 og námu þá 15% af aukningu innlána. Á árinu 1978 var hlutfallið lækkað í 5% og enn í 4% í ársbyrjun 1979.

Bindiskylda

Í áðurnefndum lögum um stjórn efnahagsmála var hámark bindiskyldunnar af heildarinnlánum hækkað í 28%. Í apríl var heimildin nýtt að nokkru og innstæðubinding hækkuð í 27% með gildistöku 1. maí, en hlutfallið hafði verið í lögleyfðu hámarki, 25%, frá ársbyrjun 1976. Hinn 1. júní var hlutfallið hækkað í 28% og þessi viðbót innheimt sérstaklega. Í júní og júlí lagðist því 1% af heildarinnlánum inn á bundna reikninga í Seðlabankanum. Binding af innstæðuaukningu hefur verið óbreytt, 30%.


Útlána-samkomulag

Strax og lánsfjáráætlun lá fyrir, hélt Seðlabankinn fundi með fulltrúum viðskiptabanka og sparisjóða, þar sem stefna í útlánamálum var rædd. Var í apríl samþykkt að miða aukningu almennra útlána, þ.e. útlána að frádregnum lánnum, endurkeyptum af Seðlabanka, við 32,7% eins og gert hafði verið ráð fyrir í lánsfjáráætlun. Í þjóðhags- og verðlagsforsendum lánsfjáráætlunar var gert ráð fyrir 33-34% verðlagshækkunum milli ársmeðaltala, en lækkandi í 30% frá upphafi til loka ársins. Á haustmánuðum, er útlánastefnan var tekin til endurskoðunar, þótti ljóst, að verðbólgan yrði meiri eða allt að 55% yfir árið, sem þó reyndist síðan um 6 prósentustigum of lágt. Var þá samið um, að aukning almennra útlána takmarkaðist við 42% yfir árið í heild. Þýddi þetta, að verulegur samdráttur yrði nauðsynlegur á síðustu mánuðunum, þar sem aukning almennra útlána til októberloka hafði náð 55%.

Gjaldeyrisstaða

Skal nú vikið að þróun mikilvægustu stærða peningakerfisins á árinu. Af ofangreindu má sjá, að auk þess að stuðla að peningalegum sparnaði hafa aðgerðir á þessu sviði beint að

Úr reikningum innlánsstofnana



Í milljörðum króna	Hreyfingar					
	Staða 31/12 1979	1978	1979	1. árs- þriðj. 1979	2. árs- þriðj. 1979	3. árs- þriðj. 1979
1 Lausafjárstaða	13,2	7,8	0,2	-0,7	-12,8	13,7
11 Gagnvart Seðlabanka	8,6	6,1	-1,0	-3,1	-12,3	14,4
12 Gagnvart útlöndum	4,3	1,7	0,9	-0,1	0,2	0,8
13 Ríkisvixlar	0,3	-	0,3	2,5	-0,7	-1,5
2 Bundnar innstæður	53,3	10,4	20,4	8,7	6,8	4,9
3 Aðrar innstæður í Seðlabanka	3,0	0,9	2,1	0,5	0,8	0,8
4 Útlán ¹⁾	222,5	41,1	80,6	23,5	22,4	34,7
41 Útlánaþak viðskiptabanka	-	17,6	34,4	16,9	13,1	4,4
42 Útlán viðskiptab. umfram þak	-	4,0	17,2	4,2	5,0	8,0
43 Önnur útlán ²⁾	-	19,5	29,0	2,4	4,3	22,3
5 Eignir=skuldir	292,0	60,2	103,3	32,0	17,2	54,1
6 Heildarinnlán	236,2	49,1	87,8	26,2	11,1	50,5
61 Veltiinnlán	48,7	8,8	18,0	10,0	0,8	7,2
62 Almenn spariinnlán	105,6	21,6	36,2	8,8	6,0	21,4
63 Spariinnlán á uppsagnar- reikningum	81,9	18,7	33,6	7,4	4,3	21,9
7 Endurkaup og verðbréf Seðlab.	62,4	12,7	20,5	-0,6	4,3	16,8
8 Eigið fé og annað, nettó	-6,6	-1,6	-5,0	6,4	1,8	-13,2

Hreyfingar í % á ári³⁾


Útlán	40,7	56,8	36,6	62,6	73,5
Útlánaþak	29,0	42,0	32,7	32,7	42,0
Þaklán viðskiptabanka	35,6	62,6	80,9	47,3	62,2
Heildarinnlán	49,5	59,2	57,8	44,7	76,0
Veltiinnlán	40,1	58,8	65,7	28,9	86,9
Almenn spariinnlán	45,3	52,2	50,5	49,5	61,2
Spariinnlán á uppsagnarreikn.	63,2	69,5	73,2	52,4	84,4

1) Endurlánað erlent lánsfé er ekki talið með. 2) Endurseld afurða- og framleiðslulán, lán sparisjóða, innlánsdeilda kaupfélaga og Póstgíröstofu. 3) Ársígildi hreyfinga á hverjum ársþriðjungi eru reiknuð af árstíðaleiðréttum tölum.

Því að hamla gegn ótímabærri peningamyndun af völdum útlána. Slíkt aðhald var ekki sízt nauðsynlegt, þar sem fyrir-sjáanleg var veruleg aukning peninga í umferð vegna hagstæðra viðskipta við útlönd og erlendra lána. Bati gjaldeyrisstöðunnar, sem sýnir hreint peningaframboð af þessum toga, nam 17 milljörðum króna á árinu í heild, þegar frá er talið bókhaldslegt endurmat vegna gengisbreytinga. Var batinn minnstur 3,6 milljarðar króna á öðrum þriðjungi ársins, en 6–7 milljarðar króna á hvorum hinna.

Þrátt fyrir áform um aðhald til að veða á móti þessari peningamyndun sýndu útlánatölur öran vöxt allt árið. Árviss greiðsluhalli ríkissjóðs á fyrstu mánuðunum var afarmikill að þessu sinni, þar sem skuldir A-hluta ríkisins við Seðlabankann jukust um 8,7 milljarða króna til aprílloka auk 0,2 milljarða króna gengisuppfærslu. Séu stofnanir í B-hluta taldar með, nam skuldaaukningin 11,3 milljörðum króna vegna greiðsluafkomu og 0,3 milljörðum króna vegna gengisupp-

Ríkissjóður



færslu. Á síðari hluta ársins snerist dæmið við eins og meðfylgjandi töflur sýna. Í kaflanum um ríkisfjármál er gerð grein fyrir skuld ríkisins við Seðlabankann og endurmati hennar. Auk áðurgreindrar árstíðasveiflu skiptir hér mestu máli, að greiðsluafkoma ríkisins var hagstæð á árinu í heild, í fyrsta sinn síðan 1972. Sé litið á A- og B-hluta ríkisins í heild, nam hagstæð greiðsluafkoma gagnvart Seðlabanka 4,7 milljörðum króna, en hækkun skuldanna vegna endurmatats nam 4,8 milljörðum króna, þar af 4,3 milljarðar króna vegna áfallins verðbótapáttar vaxta og 0,5 milljarðar króna vegna gengisuppfærslu.

Á síðustu árum hefur framvinda ríkisfjármála gengið þvert á áformaða lækkun skulda við Seðlabankann og jafnvel gert að engu vonir manna um stöðugt verðlag og hallalaus viðskipti við útlönd. Þótt ekki tækist að standa að fullu við þær endurgreiðslur, sem fram komu í fjárlögum og lánsfjáráætlun fyrir árið 1979, verður að telja, að verulegur árangur hafi náðst á síðari hluta ársins, ekki sízt ef þetta er vísbending um stefnubreytingu í þessum efnunum. Einnig er mikilvægt, að samhliða lækkun skuldanna verði stefnt að útjöfnun þeirrar sveiflu, sem jafnan kemur fram innan ársins á viðskiptum ríkisins við Seðlabankann. Með yfirdrætti á fyrri hluta árs, án hæfilegs mótvægis af öðru tagi, eflir ríkissjóður útlánagetu innlánsstofnana um sinn. Hættir innlánsstofnunum þá til að festa of mikinn hluta síns ráðstöfunarfjár í almennum útlánum í stað þess að byggja upp lausafjárstöðu, sem mætt getur samdrætti peningaframboðs síðar á árinu. Var þetta mjög áberandi á árinu 1979 og olli verulegum yfirdrætti banka og sparisjóða í Seðlabankanum á haustmánuðum, þegar þróun ríkisfjármála hafði snúizt við. Árstíðasveiflan veldur m.ö.o. því, að yfirdráttarlán við Seðlabankann í heild sinni lækka ekki, heldur flytjast frá ríki til innlánsstofnana, á meðan nauðsynleg aðlögun á sér stað.

Eins og fram hefur komið var útlánaaukning innlánsstofnana mikil allt árið. Í heild jukust útlánin um tæp. 57%, sem er meira en nokkru sinni fyrr eftir skráðum heimildum að dæma. Skýrist þetta bæði af óvenjumiklum verðlagshækkunum og mikilli útlánagetu. Auk áðurnefndrar þróunar útlánagetu á fyrri hluta árs jukust endurkaup Seðlabankans mjög á síðari hlutanum vegna landbúnaðarafurða, enda er sá hluti afurðalána afarnæmur fyrir innlendum kostnaðarhækkunum. Endurkeypt afurðalán vegna landbúnaðar lækkuðu að venju frá ársbyrjun til ágústloka, að þessu sinni úr 16 milljörðum króna í 11,4 milljarða króna, en á síðasta þriðjungi ársins nam aukningin 12,3 milljörðum króna og yfir árið í heild 7,7 milljörðum

Útlán innlánsstofnana

Endurkaup

króna eða 48,5%. Endurkaup vegna sjávarafurða jukust svo sem venja er til mest á fyrsta ársþriðjungi, nú um 5 milljarða króna, en um 9,8 milljarða króna eða 53,1% á árinu í heild, og er þá meðtalin uppfærsla lánanna vegna gengisbindingar, samtals um 4,5 milljarðar króna. Svipuð hlutfallsaukning varð á endurkaupum vegna iðnaðar á árinu eða 53,4%. Í heild nam aukning endurkeyptrá lána um 19 milljörðum króna eða 47,8%. Má ætla, að þessi tala hefði orðið um 3 milljörðum króna hærri, ef endurkaupahlutföll hefðu ekki verið lækkuð í upphafi ársins.

Þaklán


Að endurseldum lánum frátöldum nam útlánaaukning innlánsstofnana um 65%, en hjá viðskiptabönkum um 63%. Hefur vöxtur almennra útlána því fylgt verðlagsbreytingum og farið verulega fram úr 42% markinu, sem sett hafði verið. Að nokkru leyti verður þessi mikla aukning rakin til aukinnar hlutdeildar viðskiptabanka í afurðalánum og til sérstakra vandamála olíufélaganna vegna hækkunar olíuverðs, sem til bráðabirgða voru leyst með verulegri fyrirgreiðslu bankanna. Þá má einnig nefna, að áðurgreindar reglur um geymslu verðbótaþáttar lána leiða til sjálfvirkra hækkana útlánanna, þótt ekki sé líklegt, að þeirra hafi gætt í miklum mæli á árinu. Þrátt fyrir þessar skýringar er ljóst, að látið hefur verið undan mikilli lánsfjáreftirspurn, og ber lausafjárstaðan greinilega merki of mikilla útlána. Hlutfall hennar og útlána var 9,2% í upphafi ársins, en lækkaði í 5,9% í lok ársins.

Innlán

Heildarinnlán innlánsstofnana jukust á árinu í heild um 59%. Ársmeðaltal þeirra sem hlutfall af þjóðarútgjöldum hækkaði úr 20,3% árið 1978 í 21,2% árið 1979, en sem kunnugt er hefur ráðstöfunarfé innlánsstofnana, mælt á þennan hátt, dregið mjög saman á undanfórnum árum. Eftir að vaxtaaukareikningarnir voru teknir upp árið 1976 hafa spariinnlán, sem háð eru uppsagnarfresti, þó aukizt stöðugt. Ársmeðaltal þeirra svaraði til tæpra 5% af þjóðarútgjöldum á árinu 1975, en nálægt 7% á árinu 1979. Það er hins vegar nýjung, að almenn spariinnlán og innlánin í heild skuli aukast í hlutfalli við þjóðhagstölur eins og gerzt hefur á nýliðnu ári, því að undanskildu árinu 1976 hefur stöðug lækkun átt sér stað síðan 1970.

Raunvextir

Enginn vafi er á, að vaxtabreytingarnar og verðtryggingarfyrirheit efnahagslaganna eiga ríkan þátt í innlánaaukningunni. Hagstæður vöruskiptajöfnuður við útlönd bendir einmitt til þess, að sparnaðarvilji hafi aukizt í kjölfar þessa. Hinu er ekki að leyna, að meiri árangurs væri að vænta af vaxtastefnunni, ef verðbólga hefði ekki magnast stig af stigi, þannig að verðtryggingarmarkmið efnahagslaganna fjarlægðist í raun, þegar líða tók á árið. Meðalvextir heildarinnlána á árinu




Bundnar innstæður

öllu námu um 22,4%, en 17,8% á árinu 1978. Vegna verðbólgunnar lækkuðu raunvextir innlána hins vegar að meðaltali úr -15% í -24%. Raunvextir á 3 mánaða reikningunum voru um -20% að meðaltali á árinu öllu, en -14% eftir breytinguna 1. desember. Eignatilflutningur vegna neikvæðra raunvaxta við innlánsstofnanir er þó minni en þessar tölur bera með sér, þar sem innlánseigendur njóta jafnframt einhverrar lánaþyngri greiðslu. Engu að síður fela þær í sér skýringu á því, hve peningalegur sparnaður er lítill hér á landi og hve mjög þarf að leita til útlanda, einkum eftir langtímalánsfé.

Vegna hækkaðra bindiskylduhlutfalla jukust bundnar innstæður í Seðlabankanum heldur meira en innlánin, sem þær reiknast af, eða um rúm 62%. Í reikningunum leynist þó enn meiri aukning, þar sem vaxtafærsla innlána í árslok kemur ekki til bindingar fyrr en í næsta mánuði á eftir. Á tólf mánuðum til janúarloka 1980 jukust bundnar innstæður þannig um 71%. Í árslok voru bundnar innstæður um 5,4 milljörðum króna lægri en endurkeypt lán, þótt ekki sé talin með endurkaupum sérstök fyrirgreiðsla Seðlabankans við olúfélög, 2,2 milljarðar króna. Stefnt hefur verið að því að snúa þessu við, þannig að bindiskyldan nýtist til almennrar hagstjórnar. Á árinu 1979 bar þessi viðleitni nokkurn árangur, svo að endurkaupin urðu heldur lægri en bundnar innstæður mestan hluta ársins, en eins og áður er lýst, jukust þau mjög á síðustu mánuðunum og urðu þá hærri á ný eins og verið hefur síðan 1974.

Peningamagn


Í efnahagslögunum var sett þak á aukningu peningamagns í umferð, sem er nýlunda í stjórn peningamála hér. Skyldi að því stefnt, að aukning þess færi ekki fram úr 25% á árinu



Úr reikningum bankakerfisins

	Hreyfingar					
	Staða 31/12 1979	1978	1979	1. árs- þriðj. 1979	2. árs- þriðj. 1979	3. árs- þriðj. 1979
<i>Í milljóðum króna</i>						
1 Gjaldeyrisstaða (þar af endurmat v/gengis)	44,3	14,4	23,9	8,1	7,5	8,3
2 Innlendir liðir, nettó	207,6	38,2	67,5	18,3	5,1	44,1
21 Lán Seðlabanka	29,7	12,6	-0,3	11,6	-7,4	-4,5
22 Lán innlánsstofnana	222,8	41,1	80,9	26,0	21,7	33,2
23 Ýmsir sjóðir (-)1)	-31,2	-12,3	-8,6	-7,2	3,1	-4,5
24 Annað, nettó	-13,7	-3,2	-4,5	-12,1	-12,3	19,9
3 Peningamagn og sparifé (M3)	251,9	52,6	91,4	26,4	12,6	52,4
31 Sparifé á uppsagnarreikn. sparifé (M2)	81,9	18,7	33,6	7,4	4,3	21,9
32 Peningamagn og almennt sparifé (M2)	170,0	33,9	57,8	19,0	8,3	30,5
321 Almennit sparifé	105,6	21,6	36,2	8,8	6,0	21,4
322 Peningamagn (M1)	64,4	12,3	21,6	10,2	2,3	9,1
<i>Hreyfingar í % á ári²⁾</i>						
Innlendir liðir, nettó		37,5	48,2	51,7	16,5	91,7
Peningamagn og sparifé (M3)		48,7	56,9	57,7	39,0	75,5
Peningam. og alm. sparifé (M2)		43,3	51,5	51,7	34,4	69,9
Peningamagn (M1)		40,3	50,4	59,4	30,3	63,2

1) Auk sjóða í opinberri vörzlu eru hér innstæður fjárfestingarlánasjóða í Seðlabanka. Innstæður og aukning innstæðna eru merktar með mínusmerki. 2) Ársigildi hreyfinga á hverjum ársþriðjungi eru reiknuð af árstíðaleiðréttum tölum.




1979, en jafnframt leyft að víkja frá þessu marki, m.a. ef forsendur um verðþróun reyndust rangar. Þegar löggin voru sett, var reiknað með 30% verðlagshækkunum á árinu. Þegar útlánamarkmið innlánsstofnana var endurskoðað í ljósi breyttra verðlagsforsenda, var hámark peningamagnsaukningar sett í 40%. Í lögnum var miðað við þrönga merkingu peningamagns (M1), sem er samtala seðla, myntar og veltiinnlána í innlánsstofnunum og innstæða fjárfestingarlánasjóða¹⁾ í Seðlabankanum. Aukning þessarar stærðar nam 56,3% yfir árið í heild, en 50% að innstæðum fjárfestingarlánasjóða frátöldum. Aukning peningamagns varð því innan við almennar verðlagshækkningar, eins og stefnt hafði verið að með lögnum, en vafasamt er að meta árangur peningamálastefnunar eftir þessari stærð einni. Eins og skýrt hefur verið beindust margháttaðar aðgerðir að því að hamla gegn óhóflegu framboði peninga, en svigrúm til aðhalds á þessu sviði virðist ýmsum takmörkunum háð, svo mjög sem ýmsir þættir eru rígbundnir verðlagsbreytingum eins og landbúnaðarendurkaupin eru ljóst dæmi um. Er því varla hægt að búast við því, að viðunandi árangur náist, fyrr en unnt er að beita sveigjanlegri stjórnækjum en hingað til, hvort sem um er að ræða vexti, bindiskyldu eða reglur um lánveitingar Seðlabankans.

1) Sú breyting hefur verið gerð á skilgreiningu peningamagns og grunnfjár, að innstæður fjárfestingarlánasjóða teljast ekki með fremur en innstæður ríkissjóðs og ríkisstofnana. Í töfluvíðauka hafa viðeigandi leiðréttingar verið gerðar á eldri tölum.

FJÁRFESTINGARLÁNASJÓÐIR OG LÍFEYRISSJÓÐIR

Útlán



Heildareignir fjárfestingarlánasjóða, sem skýrslur ná yfir, eru taldar hafa numið 193 milljörðum króna í lok ársins 1979, og er það 44% aukning frá árslokum 1978, er heildareignir voru 134 milljarðar. Um 45,9 milljarðar af þeim 59, sem eignirnar teljast hafa aukizt á árinu 1979, eru vegna nýrra útlána sjóðanna, en þetta er sú stærð í fjárfestingarlánasjóðakerfinu, sem oftast er litið til, þegar umsvif sjóðanna eru metin. Línuritið hér til hliðar sýnir, hve mikil ný lán fjárfestingarlánasjóða voru undanfarin 10 ár í hlutfalli við þá fjárfestingu, sem þeir lána til skv. þjóðhagsreikningum. Átta ár af þessum 10 liggur hlutfallið á bilinu 35–38%, en árin 1973 og 1974, á tímum mikillar fjárfestingar í sjávarútvegi án verulegrar milligöngu sjóðanna, féll hlutfallið niður í 25% og 27%. Nokkrar leiðréttingar þarf að gera á útlánnum fjárfestingarlánasjóða vegna útlána utan hins reglubundna sviðs þeirra, eigi þau að teljast samanburðarhæf frá einu ári til annars. Eftir slíka leiðréttingu teljast útlán sjóðanna 1979 50% hærri en útlán 1978. Til samanburðar má nefna, að hækkun byggingarvísitölu milli ársmeðaltala var um 46,5%. Séu útlán ársins 1979 borin saman við markmið lánsfjáráætlunar, kemur í ljós, að umfram voru lánaðir tæpir 7 milljarðar eða um 18% af lánsfjáráætlunartölunni. Hins vegar varð 9,4% meiri hækkun á ársmeðaltali verðlagsvísitalna í raun en ráð var fyrir gert í lánsfjáráætlun. Má af þessu ráða, að nokkuð hafi framkvæmdin farið úr böndunum, að því er varðar aðhald í útlánnum sjóðanna á sl. ári. Starfsemi þeirra hefur því aukið á peningaþenslu og stuðlað þannig beinlínis að auknum erlendum lántökum og óbeint að verðbólgu. Annað árið í röð hafa lán til íbúðaeigenda hækkað meir en lán til atvinnuvega. Þannig urðu íbúðalán 62% hærri en 1978, en það ár urðu þau 58% hærri en 1977. Atvinnuvegir fengu um 50% meira lánsfé en 1978 og það ár 35% meiri lán en 1977. Samsvarandi tölur um aukin lán sjóðanna til nokkurra helztu atvinnuvega eru þessar í sömu röð, 1979 og 1978: Landbúnaður 42,3% og 4,1%; sjávarútvegur 31,9% og 56,6%; iðnaður 98,3%

Fjármögnun útlána fjárfestingarlánasjóða

Hlutföll í %	Lánsfjár- áætlun					
	1975	1976	1977	1978	1979	1979
Eigið framlag, nettó	3	1	6	3	3	-1
Innstæðu- og sjóðsbreytingar	-3	-6	-3	-1	-10	-2
Annað	6	7	9	4	13	1
Skatttekjur og framlög	37	40	42	44	39	45
Lántökur	60	59	52	53	58	56
Erlend lán	28	20	14	6	10	11
Innlend lán	32	39	38	47	48	45
Frá bankakerfinu	6	8	8	9	3	2
Frá lífeyrissjóðum	11	14	15	21	28	25
Frá Atvinnuleysistryggingasj.	1	5	3	3	4	5
Innkominn skyldusparnaður	11	12	12	14	13	13
Annað	3	0	-	0	-	-
Ný útlán	100	100	100	100	100	100

og 14,9%; verzlun og þjónusta 71,9% og 106,7%. Þannig hefur verið lögð aukin áherzla á iðnaðarlán árið 1979.

Fjármögnun

Ekki reyndist unnt að afgreiða lánsfjáráætlun 1979 án þess að gera ráð fyrir erlendum lánum til fjárfestingarlánasjóða, en 1978 var það hægt. Sjá má þó af samanburði um hlutfallslega skiptingu fjármögnunar útlána, að erlend lán urðu lítilvægari en ráð var fyrir gert, 10% í stað 11%. Tölurnar bera með sér, að fjáröflun var með hefðbundnum hætti, ef undanskilin er mikil aukning eigin fjármögnunar, 13% 1979 í stað 4% 1978, og á móti henni mikil innstæðu- og sjóðssöfnun. Mikilvægi skatttekna og framlaga rýrnaði nokkuð árið 1979 miðað við stöðuga aukningu næstu fjögur ár þar á undan. Er það í samræmi við þá stefnu, að sjóðirnir verði í meiri mæli sjálfum sér nógir og að framlög séu fremur ætluð til hreinnar uppbyggingar eigin fjár. Enn sem fyrr eru lántökur mikilvægasta fjáröflun sjóðanna, og náðu þær svipuðu stigi og á árunum 1975 og 1976 eða nær 60% af heildinni samanborið við 52-53% árin 1977 og 1978.

Lánskjör

Er árleg endurskoðun lánskjara hjá fjárfestingarlánasjóðum fór fram 1979, var í höfuðdráttum horfið að því að verðtryggja útlán sjóðanna. Þar með var viðurkennt það sjónarmið, að vernda bæri eigið fé, skatttekjur og framlög til sjóðanna gegn rýrnun af völdum verðbólgu. Með endurskoðun árin þar á undan hafði tekizt að koma í veg fyrir beint tap sjóðanna af endurlánum. Flestir sjóðir völdu það form fullrar verðtryggingar, sem talið er henta einna best um lán til lengri tíma, þ.e. vísitölutryggingu. Utan sérstakra endurlána af erlendum uppruna notast nú tveir fjárfestingarlánasjóðir við gengistryggingu: Iðnþróunarsjóður, sem bindur útlán gengi Bandaríkjadollars, og Fiskveiðasjóður, sem lánar að hluta með viðmiðun við sérstök dráttarréttindi (SDR). Báðir sjóðirnir

Fjárstreymi fjárfestingarlánasjóða

	1978		1979	
	M.kr.	Hækkun i %	M.kr.	Hækkun i %
<i>Uppruni fjármagns:</i>				
Eigið framlag, nettó	1.233	-32,7	5.891	377,8
Skatttekjur og ríkisframlög	12.959	50,9	17.136	32,2
Lántökur ¹⁾	15.650	44,9	25.589	63,5
Frá bankakerfinu ¹⁾	2.775	63,3	1.228	-55,7
Frá lífeyrissjóðum	6.289	103,5	12.372	96,7
Frá Atvinnuleysisstryggingasjóði	785	33,9	1.784	127,3
Innkominn skyldusparnaður	4.135	69,4	5.937	43,6
Önnur innlend lán	2	.	-	.
Erlend lán	1.664 ²⁾	.	4.268 ²⁾	156,5
Uppruni = ráðstöfun	29.842	40,8	48.616	62,9
<i>Ráðstöfun fjármagns:</i>				
Ný útlán	29.574 ²⁾	42,9	44.379 ²⁾	50,1
Til ríkissjóðs og ríkisstofnana	600	.	101	-83,2
Hagræðingarlán Fiskveiðisjóðs	852	.	1.474	73,0
Reglubundin lán sjóða	28.122	34,4	42.804	52,2
Breytingar á innstæðum og sjóði	268	.	4.237	.

1) Bráðabirgðalántökur, nettó, innifaldar. 2) Í nýjum útlánun og erlendum lántökum eru hér undanskilin lán vegna erlendra endurlána (1978: 1.369 m.kr. til ríkissjóðs v/orkuframkvæmda og 200 m.kr. til Vestmannaeyjakaupstaðar. 1979: 1.481 m.kr. til Orkusjóðs).

taka 9% ársvexti af þessum gengisbundnu lánun. Tveir sjóðir lána óverðtryggt: Byggingarsjóður verkamanna, en vextir hans eru lögbundnir 2 1/8% á ári, og Bygðasjóður, sem notar nú 22% vexti á almennum útlánun. Í undantekningartilvikum miða sjóðir við hæstu lögleyfðu fasteignalánavexti, en þeir stefna að því að verða hliðstæðir fullri verðtryggingu að óbreyttum ákvæðum laga nr. 13/1979. Þótt áður nefnd samræming til fullrar verðtryggingar sé á komin, eru lánskjör sjóðanna allbreytileg í öðrum atriðum. Sjóðirnir lána til mislangs tíma, þar sem oflega er tekið mið af endingartíma fjárfestingar, sem lánað er til. Vaxtakjör eru einnig mismunandi. Af yfirlitinu á næstu síðu má sjá, hvaða vaxtakjör gilda á verðtryggðum lánun innan fjárfestingarlánasjóða, og til frekari glöggvunar á því, hvaða áhrif mismunandi vextir hafa, er fyrir hvern flokk sýnd árgreiðsla af láni, sem greiðast skal á 15 árum með jöfnum árgreiðslum (annuitet).

Milliganga Framkvæmdasjóðs um útvegum lánsfjár til annarra fjárfestingarlánasjóða er meginhluti starfsemi hans. Nokkur aukning varð á þeim lánun árið 1979 frá árinu áður. Þannig svöruðu ný lán sjóðsins til um 30% af heildarútlánun fjárfestingarlánasjóða samanborið við 25% 1978, 31% 1977 og 36% 1976. Erlendar lántökur sjóðakerfisins fóru allar fram með milligöngu Framkvæmdasjóðs. Var þar um að ræða þrjú lán, tvö frá Viðreisnarsjóði Evrópu, 5 milljónir vestur-þýzkra marka, í júlí og 16 milljónir í sama gjaldmiðli í september.

Framkvæmda- sjóður

*Vaxtakjör og árgreiðslur vísitölubundinna
lána frá fjárfestingarlánasjóðum 31.12.79*

	<i>Vextir í % á ári</i>	<i>Annuitets- greiðsla af 1 m.kr. láni til 15 ára. Fast verð- lag upphafsárs</i>	
Jarðakaupalán Stofnlánadeildar landbúnaðarins (Stld. I.)	1	72	pús.kr.
Lán Veðdeildar Iðnaðarbankans	2	78	"
Húsnæðismálastjórnarlán	2 ¼	79	"
Bústofnslán Stld. I. og vélalán Iðnlánasjóðs	2 ½	81	"
Almenn lán Stld. I.	3	84	"
Lán Verzlunarlánasjóðs	3 ½	87	"
Vísitölutryggður hluti lána Ferðamálasjóðs	4	90	"
Vísitölutryggður hluti lána Framkvæmdasjóðs, lán Lánasjóðs sveitarfélaga og vinnuvéla- o.fl. lán Stld. I.	5	96	"
Vísitölutryggður hluti lána Fiskveiðasjóðs, lán Stofn- lánadeildar samvinnufélaga, byggingarlán Iðnlána- sjóðs og vinnslustöðvalán Stld. I.	5 ½	100	"


Það þriðja var lán að fjárhæð 2 milljarðar japanskra yena, sem ríkissjóður endurlánaði Framkvæmdasjóði í júlí. Vegna rúmrar lausafjárstöðu um áramót átti Framkvæmdasjóður þá enn ónotaða af þessum lántökum fjárhæð, sem svarar til 4.664 pús. Bandaríkjadollara eða um 1,8 milljarða króna á þá-gildandi gengi, auk áfallinna vaxta. Samningsbundin lán Framkvæmdasjóðs frá viðskiptabönkunum voru lækkuð á árinu í 4% úr 5% af innlánaaukningu bankanna. Samtals tók Framkvæmdasjóður 13.971 m.kr. að láni, þar með talinn notaður hluti erlendra lána, en lagði auk þess um 1.190 m.kr. af eigin fjármagni til nýrra útlána og eflingar innlendra lausafjárstöðu, sem batnaði um 1.114 m.kr. Yfirlitið hér á síðunni sýnir ný útlán Framkvæmdasjóðs 1976–1979, skipt eftir viðtak-

Lánveitingar Framkvæmdasjóðs

<i>Í m.kr.</i>	<i>1976</i>	<i>1977</i>	<i>1978¹⁾</i>	<i>1979</i>
Stofnlánadeild landbúnaðarins	1.100	1.450	1.850	1.950
Veðdeild Búnaðarbankans	20	100	-	-
Fiskveiðasjóður	2.609	3.250	2.100	6.880
Iðnlánasjóður	250	450	565	1.300
Verzlunarlánasjóður	40	50	60	100
Stofnlánadeild samvinnufélaga	40	50	60	100
Ferðamálasjóður	-	53	175	380
Lánasjóður sveitarfélaga	250	300	340	380
Byggðasjóður	250	12 ²⁾	161 ³⁾	2.150 ³⁾
Samtals til fjárfestingarlánasjóða	4.559	5.715	5.311	13.240
Lán til annarra aðila	525	642	930 ⁴⁾	807
Lánveitingar alls	5.084	6.357	6.241	14.047

1) Án beinna erlendra endurlána, 1.569 m.kr. 2) Bráðabirgðalán, nettó. 3) Þ.a. 1.481 m.kr. vegna milligöngu Byggðasjóðs í lánum til Orkusjóðs. 4) Þ.a. 600 m.kr. til ríkissjóðs v/lánsfjárskipta við Fiskveiðasjóð.

Lífeyrissjóðir




endum. Nánari upplýsingar um fjárfestingarlánasjóði eru birtar í 26.–29. töflum í viðauka.

Ætlað er, að ráðstöfunarfé lífeyrissjóða hafi orðið 34 milljarðar króna árið 1979, og er það um 59% hærra en ráðstöfunarfé ársins 1978, samanborið við 71% það ár umfram árið 1977. Enn er því mikil gróska í lífeyrissjóðakerfinu, eins og glögg má sjá af meðfylgjandi línuriti, þar sem sparnaður á vegum lífeyrissjóðanna er borinn saman við þjóðhagsstærðir. Um það bil 14% af heildarsparnaði þjóðarbúsins fóru um lífeyrissjóðakerfið á árinu 1979, og hefur sú hlutdeild rúmlega tvöfaldast á undanfönum tíu árum. Að nokkru er hlutfallið óvenjuhátt 1979 vegna rýrari innlends sparnaðar það ár heldur en árið þar á undan. Sparnaður í lífeyrissjóðum hefur í auknum mæli verið nýttur til þess að fjármagna opinbera lánafyrirgreiðslu við atvinnuvegi og íbúðabyggingar með milligöngu fjárfestingarlánasjóða. Þannig urðu ný lán lífeyrissjóða til fjárfestingarlánasjóða um 36% af heildarráðstöfunarfjármagni lífeyrissjóða 1979 samanborið við 27% á árinu 1978. Eru ákvæði laga nr. 82/1977, um ráðstöfunarskyldu á fjármagni lífeyrissjóða, þar með komin til framkvæmda að verulegu leyti. Reyndar varð ráðstöfun fjár með þessum hætti svo há sem raun ber vitni vegna þess, að nokkrir sjóðir lögðu til fé umfram skyldu í því skyni að vernda fjármagn sitt gegn verðlagsrýrnun, þar sem full verðtrygging fæst á umræddum lánum. Á árinu 1979 fengu lífeyrissjóðir almenna heimild til verðtryggingar eins og aðrir lánveitendur og er vitað um marga sjóði, sem hafa breytt eða eru í þann veginn að breyta lánskjörum sínum til fullrar verðtryggingar. Meðfylgjandi yfirlit sýnir fjárreiður lífeyrissjóða undanfarin ár. Nánari upplýsingar er að finna í 29. og 30. töflum í viðauka.

Fjárstreymi í lífeyrissjóðum

	Bráðabirgðatölur				Áætlun	
	1977		1978		1979	
	M.kr.	%	M.kr.	%	M.kr.	%
Sparnaður	10.785	45	18.900	75	30.150	60
Eigin tekjur, nettó	3.305	59	6.400	94	11.150	74
Iðgjaldatekjur	11.010	46	18.500	68	28.900	56
Fráðregnar lífeyrisgr. o.fl.	-3.530	59	-6.000	70	-9.900	65
Innkomnar afborganir	1.720	52	2.500	45	3.850	54
Ráðstöfunarfé	12.505	46	21.400	71	34.000	59
Ný útlán	11.600	42	17.700	53	28.200	59
Til Byggingarsjóðs ríkisins	983	1	1.556	58	4.094	163
Til Framkvæmdasjóðs	1.294	74	3.073	137	5.281	72
Til annarra fjárfestingarlánasj. ...	814	136	1.641	102	2.997	83
Önnur útlán	8.509	40	11.430	34	15.828	38
Innstæðu- og sjóðsbreytingar	905	.	3.700	.	5.800	.

Alþjóðleg þróun



Gengi íslensku krónunnar

47

GENGISMÁL

Meiri stöðugleiki ríkti almennt í gengismálum á alþjóðavettvangi á árinu 1979 en næstu tvö árin á undan, en þá urðu allverulegar breytingar á gengi helztu viðskiptagjaldmiðla heims innbyrðis. Alþjóðagjaldeyriskerfið byggðist á sveigjanlegu gengi helztu gjaldmiðla og breytist gengi þeirra því allört til samræmis við breyttar aðstæður á gjaldeyrismörkuðum, sem vanalega stafa af breytingum á efnahagsaðstæðum viðkomandi landa.


Gengi Bandaríkjadollars, v-þýzka marksins og svissneska frankans var tiltölulega stöðugt, en gengi japanska yensins lækkaði hins vegar verulega á árinu. Er talið, að versnandi viðskiptajöfnuður Japana vegna olíuverðhækkana og horfur í þeim efnum hafi valdið hér mestu um. Gengi sterlingspundsins hækkaði nokkuð frá upphafi árs þar til um mitt ár, en lækkaði síðan.

Vaxandi verðbólga í Bandaríkjunum hefur ekki haft þau áhrif á gengi Bandaríkjadollars, sem vænta hefði mátt, en vextir þar í landi hafa á hinn bóginn hækkað gífurlega og hefur það leitt til fjármagnsstreymis yfir í dollara, sem styrkt hefur dollarann gagnvart öðrum gjaldmiðlum á fyrstu mánuðum ársins 1980.

Gjaldeyrisbandalag aðildarlanda Efnahagsbandalags Evrópu, EMS (European Monetary System) var formlega sett á laggirnar á árinu, en því er ætlað að auka stöðugleika í gengismálum innan EBE. Gekk samstarfið innan EMS nokkurn veginn eins og til var ætlað.

Á meðfylgjandi línuriti má sjá þróun gengis nokkurra gjaldmiðla síðastliðin tvö ár.

Breytingar á gengi þeirra gjaldmiðla, sem Seðlabanki Íslands skráir, koma fram hér á landi jafnskjótt og þær verða gagnvart Bandaríkjadollar. Af þessu leiðir, að töluverðar hræringar eru að öllum jafnaði á daglegri gengisskráningu Seðlabankans í samræmi við breytt gengi gjaldmiðla á gjaldeyris-



mörkuðum gagnvart dollar, enda þótt gengi krónunnar sé óbreytt gagnvart dollar. Þetta stafar af því, að breytingar á gengi krónunnar miðast við dollar, en eru síðan reiknaðar yfir á aðra gjaldmiðla til samræmis við breytingar, sem kunna að hafa orðið á gjaldeyrismörkuðum þann dag sem gengi krónunnar er breytt.

Engin formleg gengisbreyting átti sér stað á árinu 1979, en gengissig varð töluvert. Frá ársbyrjun til ársloka lækkaði gengi krónunnar um 20,9%, sem samsvarar 26,4% hækkun á meðalgengi erlendra gjaldmiðla. Fram eftir ári 1979 voru fremur litlar breytingar á gengi krónunnar, en í maí fór að gæta erfiðleika hjá útflutningsatvinnuvegunum, m.a. vegna hækkandi heimsmarkaðsverðs á olíu. Gengissig frá áramótum til 30. apríl var aðeins 2,3%, en vegna erfiðleika útflutningsgreinanna seig gengið hraðar næstu mánuði á eftir eða um 14,4% til ágústloka. Síðustu fjóra mánuði ársins nam gengissig krónunnar 5,5%.

Í ársbyrjun 1979 var kaupgengi Bandaríkjadollars 317,70 kr., en í árslok 394,40 kr. Nemur hækkunin 24,1%.

Ef miðað er við meðalgengi erlendra gjaldmiðla árið 1979, var það 33,9% hærra en meðalgengi ársins 1978. Þetta samsvarar 25,3% lækkun á gengi krónunnar. Meðalkaupgengi Bandaríkjadollars 1978 var 271,47 kr., en 352,12 kr. árið 1979. Hækkunin milli ára varð því 29,7%, sem nemur 22,9% lækkun á gengi krónunnar gagnvart dollar.

ERLEND MÁL OG SAMNINGAR

Alþjóða- stofnanir

Að vanda átti Seðlabankinn ýmis samskipti við erlendar fjármálastofnanir og alþjóðastofnanir á sviði efnahags- og peningamála á árinu 1979. Má hér m.a. nefna Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, Alþjóðabankann og systurstofnanir hans, Efnahags- og framfarastofnunina (OECD), fjárhagsnefnd Norðurlanda, norrænu seðlabankana og Alþjóðlega greiðslubankann (BIS), auk fjölda annarra viðskipta-, fjárfestingar- og seðlabanka. Á árinu 1979 var dr. Jóhannes Nordal, seðlabankastjóri, aðalfulltrúi Íslands í sjóðráði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, en Jón Sigurðsson, forstjóri Þjóðhagsstofnunar, varafulltrúi. Aðalfulltrúi í bankaráði Alþjóðabankans og systurstofnana hans er viðskiptaráðherra, sem til 15. október var Svavar Gestsson, en síðan Kjartan Jóhannsson. Varafulltrúi er fjármálaráðherra, til 15. október Tómas Árnason, en síðan Sighvatur Björgvinsson. Finninn Matti Vanhala var sameiginlegur fulltrúi Norðurlandanna í sjóðsstjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, en dr. Gísli Blöndal, hagsýslustjóri, var varafulltrúi. Einar Magnussen frá Noregi var aðalfulltrúi Norðurlandanna í bankastjórn Alþjóðabankans til 1. júlí, en Hans Lundström frá Svíþjóð eftir það. Varafulltrúi var Valgeir Ársællsson, deildarstjóri í viðskiptaráðuneytinu. Ársfundur þessara tveggja stofnana var haldinn í Belgrad í Júgóslavíu í byrjun október og sóttu hann Svavar Gestsson, Tómas Árnason, Jón Sigurðsson, Davíð Ólafsson, seðlabankastjóri, og Sigurgeir Jónsson, aðstoðarseðlabankastjóri.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn

Starfsemi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins var með hefðbundnum hætti á árinu, en áhrif þeirra miklu olíuverðhækkana, sem urðu á árinu, á greiðslujöfnuð aðildarlandanna settu mjög svip sinn á verkefni sjóðsins. Ný útlán stofnunarinnar á fjárhagsárinu, sem lauk 30. apríl 1979, voru samtals 3,7 milljarðar SDR, sem er um 48% aukning frá fyrra ári, en þó mun lægri upphæð en næstu árin þar á undan. Stærsti hluti aukningarinnar á þessu fjárhagsári er vegna tveggja stórra lána, sem Bandaríkjastjórn tók hjá sjóðnum til að styrkja stöðu dollarsins. Endurgreiðslur lána námu 4,9 milljörðum SDR.

Ísland tók engin ný lán hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum á árinu 1979, en endurgreiðslur eldri lána námu rúmlega 18 milljónum SDR. Heildarskuld landsins við sjóðinn um síðastliðin áramót var tæplega 35 milljónir SDR, sem jafngilti rúmum 18 milljörðum króna á gengi í árslok. Ráðgert er, að skuld þessi verði að fullu greidd á árinu 1983.

Seint á árinu 1978 ákvað sjóðráð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, að kvóti aðildarlandanna skyldi aukinn um 50% að meðaltali, að því tilskildu, að nægjanlegur meirihluti aðildarlanda samþykkti þessa aukningu. Þessi kvótaaukning er hin sjöunda í röðinni frá stofnun sjóðsins, og kemur hún væntanlega til framkvæmda árið 1980. Íslenska ríkisstjórnin hefur fyrir sitt leyti veitt samþykki fyrir aukningu kvótans í samræmi við heimild í lögum nr. 38 29. maí 1979. Þegar aukningin kemur til framkvæmda, hækkar kvóti Íslands úr 29 milljónum SDR í 43,5 milljónir SDR.

Á árinu 1978 var einnig ákveðið að efna til nýrrar úthlutunar sérstakra dráttarréttinda á árabílinu 1979-1981. Í samræmi við þessa ákvörðun var Íslandi úthlutað rúmlega 3 milljónum SDR í upphafi árs 1979, og sömu upphæð var úthlutað til landsins í byrjun janúar 1980.

Alþjóðabankinn

Alþjóðabankinn og systurstofnanir hans, Alþjóðaþróunarstofnunin (IDA) og Alþjóðafjármálastofnunin (IFC) lánuðu samtals rúma 10,4 milljarða dollara á því fjárhagsári, sem lauk 30. apríl 1979, en 8,7 milljarða árið á undan. Alls veittu þessar stofnanir 295 lán á árinu til um 80 ríkja.

Framlag Íslands til Alþjóðaþróunarstofnunarinnar á því þriggja ára fjárhagstímabili, sem hófst um mitt ár 1977 og stendur enn, er 421 milljón króna.

Gjaldeyrislán

Síðari hluta árs 1975 gerði Seðlabankinn samkomulag við nokkra banka í Bandaríkjunum og Evrópu um 45 milljón dollara lántökuheimild til að styrkja stöðu þjóðarbúsins út á við og tryggja, að nægilegt fjármagn væri til taks til öryggis, ef gjaldeyrisforði landsmanna rýrnaði verulega. Í ágúst 1977 var endursamið um lánið og lánskjörin bætt. Í febrúar 1979 var endursamið um lánið á nýjan leik og kjörin enn bætt með tilliti til breyttra aðstæðna á alþjóðlegum lánamarkaði. Heimild þessi hefur ekki verið nýtt til þessa.

Seðlabankinn aflaði lána erlendis á árinu til ýmissa framkvæmda á vegum ríkisins og veitti nokkrum opinberum

Önnur erlend lán

stofnunum aðstoð við lántöku erlendis. Helztu lánin, sem tekin voru á árinu, voru 2 milljarða yena lán, sem tekið var fyrir ríkissjóð í Japan, 50 milljóna dollara lán, sem tekið var á bankamarkaði í Evrópu og Japan, 3,7 milljóna dollara lán, sem tekið var fyrir Póst og síma í Kanada, og 2,9 milljóna dollara lán, sem sama stofnun fékk að láni í Bandaríkjunum. Einnig veitti Seðlabankinn aðstoð við lántökur Landsvirkjunar á árinu.

Norrænt samstarf

Hinn árlegi fundur seðlabankastjóra Norðurlanda var haldinn í Stokkhólmi í júní 1979. Auk almennra samskipta bankanna innbyrðis og samstarfs þeirra á alþjóðavettvangi var á fundinum sérstaklega rætt um lántökuparfir opinberra aðila. Fjárhagsnefnd Norðurlanda, sem fjallar um samstarf landanna á vettvangi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og ýmis sameiginleg vandamál og viðfangsefni á sviði gjaldeyris- og fjármála, hélt fjóra fundi á árinu, og sendi Seðlabankinn fulltrúa á þá alla. Nefndin starfar að nokkru leyti sem embættismannanefnd á vegum Norðurlandaráðs, og undirnefnd hennar samdi á síðari hluta ársins skýrslu um gjaldeyrissamstarf Norðurlanda, sem síðan var lögð fyrir fund Norðurlandaráðs í Reykjavík í marz 1980. Undirnefndin hélt tvo fundi, og sótti fulltrúi Seðlabankans þá báða.

Seðlabankinn hefur á undanförunum árum átt aðild að samstarfi norrænu seðlabankanna á sviði gjaldeyriseftirlits og hafa fulltrúar bankans sótt fundi í hinum bönkunum um þau málefni. Vorið 1979 var haldinn í Reykjavík fundur um gjaldeyriseftirlit og skyld málefni með þátttöku allra seðlabanka Norðurlanda.

UMSJÁ SJÓÐA OG ÝMIS STARFSEMI FYRIR RÍKISSJÓÐ

Ríkisábyrgðasjóður

Eins og sjá má á yfirlitinu hér á eftir hefur nýjum ríkisábyrgðum fækkað mjög miðað við fyrra ár. Munar þar mest um ábyrgðir á lánnum byggingarsamvinnufélaga, sem voru aðeins 3, en slíkum ábyrgðum hefur raunar fækkað mjög undanfarin ár. Einnig lækkaði fjárhæð hinna nýju ábyrgða nokkuð miðað við árið á undan.

	1978		1979	
	Fjöldi	M.kr.	Fjöldi	M.kr.
Hafnargerðir og dráttarbrautir	30	80	14	82
Hitaveitur	1	3.124	1	3.243
Iðnaður	1	60	–	–
Raforkumál, virkjanir	1	485	2	596
Samgöngur	1	80	–	–
Togarakaup	2	107	–	–
Byggingarsamvinnufélög	171	239	3	4
Annað	2	1.248	–	–
	209	5.423	20	3.925

Fjárhæð ábyrgðarkrafna, sem á Ríkisábyrgðasjóð falla, hefur farið mjög vaxandi undanfarin ár og jókst á sl. ári um 18% miðað við fyrra ár. Mjög veruleg aukning varð einnig á endurgreiðslum frá skuldurum, en samt hækkuðu nettógreiðslur um 18 m.kr. eða nokkru meira en árið áður, en þá nam hækkunin 11 m.kr. Alls námu nettógreiðslur á árinu 1979 392 m.kr. og hafa aldrei orðið meiri. Á yfirlitinu hér á eftir má sjá fjárhæðir innleysta krafna og endurgreiðslna árin 1975–1979.

	1975	1976	1977	1978	1979
Innleystar kröfur	720	1.210	1.394	2.900	3.416
Endurgreiðslur skuldara	681	937	1.031	2.526	3.024
	39	273	363	374	392

Eins og á undanförunum árum var mestur hluti greiðslna á árinu vegna ferjuskipanna 2, Akraborgar og Herjólfss, en einnig var um verulega skuldaaukningu sveitarfélaga við sjóðinn að ræða. Ríkisábyrgðasjóður sér um greiðslur af þeim erlendu lánnum, sem tekin voru vegna smíði stóru skuttogaranna, en

ríkissjóður lengir lánstíma þessara lána. Nettógreiðslur af þessum lánum námu alls 237 m.kr. á árinu. Starfsemi Tryggingardeildar útflutningslána var með svipuðum hætti og verið hefur undanfarin ár.

Lánaumsjá fyrir ríkissjóð

Seðlabankinn veitir ríkissjóði ýmsa fyrirgreiðslu í sambandi við lántökur innanlands og utan. Ríkisábyrgðasjóður annast vörzlu þeirra lána, sem ríkissjóður veitir af eigin fé sínu eða af andvirði lána, sem hann hefur tekið í því skyni að endurlána þau. Höfuðstóll slíkra endurlána nam 157.234 m.kr. í lok ársins og hafði hækkað á árinu um 44.825 m.kr. Nýjar lánveitingar námu alls 34.797 m.kr.

Spariskírteini

Samkvæmt fjárlögum 1979 var fjármálaráðherra heimilt að gefa út til sölu innanlands ríkisskuldabréf eða spariskírteini að fjárhæð 4.200 m.kr. auk skuldabréfa eða spariskírteina í stað þeirra, er innleyst kynnu að verða. Alls töldust heimildir til útgáfu spariskírteina á árinu nema 10.698 m.kr., þ.e. 4.200 m.kr. skv. framansögðu auk 6.298 m.kr. vegna innlausnar eldri skírteina á árinu 1979 og áður. Samkvæmt þessum heimildum voru gefin út til sölu spariskírteini samtals að fjárhæð 6.500 m.kr. í 2 flokkum. Sala fyrra flokksins hófst 15. marz og lauk í júní, og nam hún 2.500 m.kr. Sala seinna flokksins hófst 14. september og lauk seint í desember. Fjárhæð skírteina í þessum flokki nam alls 4.000 m.kr. Kjör þessara spariskírteina eru hin sömu og skírteina, sem út voru gefin árið áður. Hámarkslánstími er 20 ár, en þau eru innleysanleg að liðnum 5 árum. Ársvextir fyrstu 5 árin eru 3%, en meðalvextir allan lánstímann eru 3,5% á ári. Endurgreiðsla höfuðstóls og vaxta er bundin vísitölu byggingarkostnaðar og er grunnvísitala fyrra flokksins 280 stig, en hins síðara 355 stig. Alls hafa á árunum 1964–1979 verið gefnir út 29 flokkar spariskírteina, samtals að nafnverði 16.463 m.kr. Óinnleystar eftirstöðvar þessara spariskírteina námu í árslok 1979 15.993 m.kr. að nafnverði. Að viðbættum vöxtum og verðbótum nam verðmæti þessara skírteina 52.474 m.kr. Hins vegar nam innlausnarverð þeirra skírteina, sem innleysanleg voru í árslok 1979, 18.835 m.kr.

Happdrættisbréf

Ekki voru boðin til sölu happdrættisskuldabréf á árinu, en á árunum 1972–1977 voru alls seldir 10 flokkar happdrættisskuldabréfa samtals að fjárhæð 1.860 m.kr. Að meðtöldum verðbótum á skuldabréf þessi miðað við vísitölu framfærslukostnaðar hinn 1. nóvember 1979 nam verðmæti skuldabréfanna 10.336 m.kr. í árslok 1979.

Á árinu tók ríkissjóður 2 stór lán erlendis. Fyrra lánið, sem var 50 milljónir Bandaríkjadollara, var tekið hjá 8 erlendum

Erlend lán

bönkum fyrir milligöngu Hambros Bank, Mitsui Finance, Europe, og Scandinavian Bank. Lánið er til 12 ára, afborgunarlaust fyrstu 6 árin og vextir breytilegir, 5/8% yfir milli-bankavöxtum í London á hverjum tíma. Lánsfjárhæðin nam 16.780 m.kr. á lántökudegi, en þar eð lánsandvirði var ekki hafið allt í einu, varð jafnvirði þess í krónum nokkru hærra. Andvirði lánsins var varið til fjármögnunar ýmissa framkvæmda skv. lánsfjáráætlun, svo sem til vega- og hafnaframkvæmda og framkvæmda í orkumálum og til endurgreiðslu nokkurra eldri lána ríkissjóðs. Síðara lánið var tekið hjá The Mitsui Trust and Finance Company og Mitsui Mutual Life Insurance Co. Lán þetta er til 15 ára, afborgunarlaust fyrstu 10 árin, en endurgreiðist með misserislegum greiðslum á árunum 1989–1994. Vextir eru 7,5% á ári. Lán þetta var að fjárhæð 2 milljarðar japanskra yena eða jafnvirði 3.203 m.kr. á lántökudegi. Lánið var endurlánað Framkvæmdasjóði Íslands.

Orkusjóður

Framlag til Orkusjóðs samkvæmt fjárlögum 1979 nam alls 4.157 m.kr., þar af nam verðjöfnunargjald af raforkusölu 2.653 m.kr. Að auki var í fjárlögum 1979 talið með framlögum til Orkusjóðs fé það, sem fara átti til greiðslu fjármagnsútgjalda vegna Kröfluvirkjunar. Orkusjóður sá um greiðslur af lánum vegna virkjunarinnar, sem samtals urðu 2.451 m.kr. Lántökur sjóðsins námu alls 12.890 m.kr., en lánveitingar urðu 11.090 m.kr., þar af námu lán til Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða vegna raforkuframkvæmda 10.038 m.kr., lán til hitaveituframkvæmda 505 m.kr. og lán til jarðhitaleitar 527 m.kr. Framlög af verðjöfnunargjaldi til Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða námu 2.639 m.kr. Styrkveitingar til rafvæðingar í sveitum námu 167 m.kr. og til styrkingar rafdreifikerfa í sveitum 740 m.kr. Aðrar styrkveitingar námu 24 m.kr. Vaxtatekjur sjóðsins urðu 4.119 m.kr., en vaxtagjöld 4.611 m.kr.

Hafnabótasjóður

Lánveitingar Hafnabótasjóðs drógust nokkuð saman miðað við fyrra ár, en styrkveitingar til hafnarframkvæmda jukust, og stefnir þar í sömu átt og árið áður. Alls voru á árinu veitt 12 löng lán samtals 79 m.kr. og 9 bráðabirgðalán að fjárhæð 96 m.kr. Heildarlánveitingar urðu því 175 m.kr., en 192 m.kr. árið áður. Framkvæmdastyrkir, sem skv. hafnalögum mega nema allt að 15% umfram ríkisframlag, urðu alls 122 m.kr. eða 32 m.kr. hærrí en árið á undan. Styrkveitingar vegna skemmda á hafnarmannvirkjum námu 10 m.kr., svo að heildarstyrkveitingar Hafnabótasjóðs námu 132 m.kr. eða 28 m.kr. hærrí fjárhæð en árið á undan. Sjóðurinn tók á árinu bráðabirgðalán að fjárhæð 100 m.kr. hjá Atvinnuleysisstrygg-

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins

ingasjóði, og var það eina lántakan á árinu. Samkvæmt hafnalögum á ríkissjóður að leggja Hafnabótasjóði til framlag sem nemi 12% af ríkisframlögum til hafnargerða. Framlag til sjóðsins nam 183 m.kr. og að auki fékk sjóðurinn viðbótarfjárveitingu, sem nam 46 m.kr., vegna sérstakra verkefna. Heildarvaxtatekjur sjóðsins námu 273 m.kr. á árinu, en vaxtagjöld urðu 145 m.kr. Nettóvaxtatekjur sjóðsins urðu því 128 m.kr., en 93 m.kr. árið áður.

Á heildina litið hélzt verðlag sjávarafurða á árinu 1979 fremur stöðugt. Hins vegar einkenndist framvindan eins og svo oft áður af kapphlaupi milli hækkunar framleiðslukostnaðar annars vegar og hækkunar afurðaverðs í sumum tilvikum og þó einkum gengisbreytinga hins vegar. Reyndist eins og fyrr óhjákvæmilegt að taka tillit til þessara viðhorfa við ákvörðun viðmiðunarverðs.

Á árinu voru gerðar breytingar á kjörum útlána til sjávarútvegsins, þannig að öll afurðalán voru ákveðin í erlendri mynt. Hafði þessi breyting það í för með sér, að hætt var að reikna Verðjöfnunarsjóði til tekna gengishagnað vegna gengissigs, þar sem farið var að ákveða öll viðmiðunarverð í erlendri mynt og sama gengið látið gilda fyrir viðmiðunarverðin jafnt sem söluverðin. Var þessari gengisbindingu viðmiðunarverða komið að fullu á frá 1. júní 1979, en hafði þá frá 1. janúar það ár verið miðuð við 50%. Við þetta hækkuðu greiðslur verðbóta og dró úr inngreiðslum.

Með lögum um stjórn efnahagsmála o.fl. frá 7. apríl 1979 var gerð eftirfarandi breyting á 9. gr. laganna um Verðjöfnunarsjóð:

„Fyrir upphaf hvers árs eða framleiðslutímabils skal sjóðsstjórnin að fenginni staðfestingu sjávarútvegsráðherra ákveða verðgrundvöll þann, sem miða skal við verðhækkun samkv. 7. gr. eða verðlækkun samkv. 8. gr. Skal hún þá einkum hafa hliðsjón af verðlagi þriggja undanfarinna ára svo og af mati á markaðs- og aflahorfum fyrir næstu ár, meðal annars með tilliti til þess, hvornig þær hafi verið metnar af Verðlagsráði sjávarútvegsins, þó þannig, að tekið sé tillit til sérstakra aðstæðna, svo sem óeðlilegra breytinga á erlendum mörkuðum, gengisbreytinga og annarra hliðstæðra atvika. Við ákvarðanir sínar skal sjóðsstjórnin einnig líta til afkomu sjávarútvegsgreina, eftir því sem það getur samrýmst tilgangi sjóðsins og raunverulegri verðjöfnun“.

Við samanburð dagverða á árinu 1979 við meðalverð þriggja undanfarinna ára, framreiknuð eftir hinum ýmsu vísitölum svo sem vísitölu neyzlúvöruverðs í U.S.A. og vísitölu verðlags

í utanríkisviðskiptum O.E.C.D.-landa, kom í ljós, að ekki var um neinar teljandi verðbreytingar að ræða, ef undan er skilinn frystur hörpudiskur, en verð á honum hefur farið verulega hækkandi að undanfögnu, og mjöl- og lýsisafurðir, en framan af árinu var verð á þeim mun lægra, en fór aftur hækkandi, er líða tók á árið.

Allt útlit er fyrir, að greiðslur verðbóta verði verulegar á árinu 1979 eða um 5.090 m.kr., og gildir það um flestar afurðir, sem til verðjöfnunar eru. Einu undantekningarnar eru frystur hörpudiskur, humar og söltuð ufsaflök, en gert er ráð fyrir um 200 m.kr. greiðslu í sjóðinn af þessum afurðum.

Endanlegt uppgjör liggur fyrir um greiðslur (verðhækkana-tekjur og verðbætur) vegna framleiðslu ársins 1978, en uppgjóri fyrir framleiðslu ársins 1979 er hins vegar enn ekki að fullu lokið, og eru því tölur ársins 1979 í eftirfarandi yfirliti að nokkru byggðar á áætlun:

Greiðslur Verðjöfnunarsjóðs eftir framleiðsluárum.

<i>Í millj.kr.</i>	<i>Framleiðsla 1978</i>		<i>Framleiðsla 1979</i>	
	<i>Innheimt</i>	<i>Útgreitt</i>	<i>Innheimt</i>	<i>Útgreitt</i>
Frystar fiskafurðir		1.413,4	19,5	
Fréðfiskur		1.813,1		180,0
Humar	76,5		34,5	
Rækja	183,4		0	0
Hörpudiskur	139,8		165,0	
Saltsíld:				180,0
Saltfiskafurðir:		1.302,7		1.529,0
Saltfiskur, óverkaður		1.278,8		1.467,0
Saltfiskur, verkaður		65,7		65,0
Söltuð ufsaflök	41,8		3,0	
Skreið:	0	0	0	0
Mjöl- og lýsisafurðir:	1.450,4			3.199,5
Mjöl:	1.158,3			2.260,5
Loðnummjöl	972,4			1.907,0
Spærlings- og kolm.mjöl	0	0		33,0
Fiskmjöl	185,9			320,5
Lýsi:	292,1			939,0
Loðnulýsi	292,1			939,0
Samtölur afurða	1.891,9	3.157,6	202,5	5.091,5
Samtölur deilda	1.450,4	2.716,1	19,5	4.908,5
Samtölur Verðjöfn.sj., nettó ..		1.265,7		4.889,0

Ath.: Merkið . . . táknar, að verðjöfnun hafi ekki verið tekin upp.

Heildarinnstæða Verðjöfnunarsjóðs í Seðlabankanum nam 7.558 m.kr. í árslok 1978, en 11.699 m.kr. í árslok 1979. Átti Mjöl- og lýsisdeildin mest bæði árin. Eftirfarandi yfirlit sýnir innstæður í árslok 1978 og 1979 ásamt breytingum á árinu 1979, skipt eftir deildum:

<i>Í m.kr.</i>	<i>Stofn- fjárd.</i>	<i>Frysti- afurðad.</i>	<i>Salt- sildard.</i>	<i>Salt- fiskd.</i>	<i>Skreið- ard.</i>	<i>Mjöl- og lýsisd.</i>	<i>Alls</i>
Innst. 31/12'78	133	867	0	2.470	366	3.722	7.558
Stofnfé fl.	-88	-	88	-	-	-	0
Inngr./útgr.	0	548	0	-1.086	-4	-1.688	-2.230
Gengisuppf. Vextir ¹⁾	16	419	28	655	125	992	2.235
	7	160	12	284	52	443	958
Framlag frá gengism. 1978 ²⁾	68	1.353	40	930	360	427	3.178
Innst. 31/12'79	136	3.347	168	3.253	899	3.896	11.699

1) Vextir voru 11,59% p.e. meðalvextir ríkisvixla í Bandaríkjunum og Bretlandi. 2) Hér er um uppgreiðslu að ræða, þar sem endanlegt uppgjör hefur enn ekki farið fram, en áætlað er, að til Verðjöfnunarsjóðs renni um 4.650 m.kr.

ÝMISLEGT UM STARFSEMI BANKANS, LÖGGJÖF OG FLEIRA

Lög um stjórn efnahagsmála

Með lögum nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o.fl., var lögum Seðlabankans breytt í nokkrum veigamiklum atriðum. Breytt var 2. til 5. málsg. 11. gr., sem fjallar um bindiskyldu innlánsstofnana, við 13. gr. var bætt ákvæði til bráðabirgða um vaxtaákvarðanir og við 18. gr. var bætt nýrri málsg. um ákvarðanir í gengismálum. Mörg önnur ákvæði laga nr. 13/1979 snerta starfsemi Seðlabankans beint og óbeint, þó að þau breyti ekki lögum hans. Veigamest að þessu leyti eru ákvæði VII. kafla laganna um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár, sem tengjast ákvæði til bráðabirgða við 13. gr. Seðlabankalaganna, sem vitnað er til hér að framan. Með gildistöku VII. kafla laga nr. 13/1979 voru felld úr gildi lög nr. 71/1966, um verðtryggingu fjárskuldbindinga.

Með ofangreindum breytingum á lögum Seðlabankans voru m.a. sett eftirfarandi stefnumið á sviði peninga-, vaxta- og gengismála:

1. Innstæðubinding innlánsstofnana megi hæst nema 28% af heildarinnstæðufé hjá hverri stofnun, en áður var þetta hlutfall 25%.
2. Á árunum 1979 og 1980 skulu vaxtaákvarðanir við það miðaðar, að fyrir árslok 1980 verði í áföngum komið á verðtryggingu sparifjár og lánsfjár.
3. Ákvarðanir um gengi íslensku krónunnar skulu miðast við að halda sem stöðugustu gengi og að ná settu markmiði um viðskiptajöfnuð, en tryggja jafnframt rekstrargrundvöll útflutningsatvinnuveganna og samkeppnisgreina.

Í öðrum köflum ársskýrslunnar er fjallað um áhrif ofangreindra breytinga á lögum Seðlabankans á starfsemi bankans, innlánsstofnana og stjórnun efnahagsmála.

Vaxtabreytingar á árinu 1979

Á árinu var vöxtum við innlánsstofnanir alls breytt fjórum sinnum. Fyrsta vaxtabreytingin tók gildi 10. janúar. Var nú heimilað að stofna vaxtaaukareikninga með þriggja mánaða uppsögn, og voru heildarvextir af slíkum reikningum ákveðnir 25% á ári. Þá átti sér einnig stað kerfisbreyting varðandi lán fyrir útflutningsframleiðslu, en þessi lán voru nú í fyrsta skipti miðuð við gengi erlends gjaldmiðils og vextir ákveðnir með hliðsjón af vöxtum, sem erlendir viðskiptabankar áskilja, svo og með hliðsjón af vöxtum af því fé, sem Seðlabankinn kann að endurlána á hverjum tíma. Vextir af lánnum miðuðum við gengi Bandaríkjadollars voru í samræmi við það ákveðnir 8,5% á ári.

Hinn 1. júní tók síðan gildi önnur vaxtabreyting ársins, sem hafði í för með sér nýtt lánskjarakerfi í samræmi við lög um stjórn efnahagsmála o.fl. nr. 13/1979, en með þeim lögum var mörkuð sú stefna í vaxta- og lánskjaramálum, að komið skyldi á verðtryggingu sparifjár og lánsfjár. Það er mikilvægur hluti hins nýja kerfis, að grunnvextir eru lágir og verðbótahluti vaxta greiddur eftirá með þeim hætti, að hann leggst við höfuðstól, þannig að endurgreiðslan dreifist á það, sem eftir er af lánstímanum. Samfara kerfisbreytingu þessari voru heildarvextir inn- og útlána hækkaðir um 2–3% og með því stigið fyrsta skrefið af sjö, sem ráðgert var að taka, til þess að fullri verðtryggingu sparifjár og lánsfjár yrði komið á með verðbótaþætti vaxta fyrir árslok 1980. Þá var enn fremur heimilað að veita lán gegn fullri verðtryggingu miðað við lánskjaravísitölu, og voru vextir slíkra lána ákveðnir 2% á ári.

Hinn 1. september tók gildi þriðja vaxtaákvörðun ársins, en verðbótaþáttur vaxta var nú hækkaður almennt um 5 prósentustig af öllum innlánnum, en 3–4,5 prósentustig af útlánnum, en grunnvextir héldust óbreyttir, og var þetta annar áfangi til fullrar verðtryggingar sparifjár og lánsfjár með verðbótaþætti vaxta. Vanskilavextir pr. mánuð hækkuðu úr 4% í 4,5%.

Hinn 1. desember tók gildi síðasta vaxtabreyting ársins, þar sem verðbótaþáttur vaxta var hækkaður um 4 prósentustig af innlánnum, en 2,5 prósentustig af útlánnum, og var þetta þriðji áfanginn til verðtryggingar sparifjár og lánsfjár.

Í kaflanum um peningamál er rætt frekar um vaxtabreytingar á árinu, og í töfluviðauka er yfirlitstafla um vexti einstakra flokka innlána og útlána (34. tafla).

Seðlar og mynt

59

Í árslok voru seðlar og mynt í umferð um 17,2 milljarðar króna og höfðu aukizt á árinu um 35,2%, en árið áður var aukning 39,5% og árið 1977 53,1%.

Hlutdeild 5000 kr. seðla í seðlamagninu fer stöðugt vaxandi

og er nú 87,8%, 1000 kr. seðlar eru 8,1%, 500 kr. seðlar 1,8% og 100 kr. seðlar 2,3%. Fjöldi seðla í umferð er um 8,6 m.stk., þar af 5000 kr. 2,9 m.stk., 1000 kr. 1,3 m.stk., 500 kr. 0,6 m.stk. og 100 kr. 3,8 m.stk.

Seðlagreiningardeild bankans bærust til vinnslu um 19,4 milljónir seðla á árinu 1979 samtals að fjárhæð 39,1 milljarður króna, og er það svipað magn og árið áður.

Í mynttalningu voru taldar um 21,8 milljónir peninga að fjárhæð samtals 364,3 millj. króna og er það um 33,8% aukning frá fyrra ári.

Gjaldmiðillinn

Rætt var ítarlega um gjaldmiðilsbreytinguna í ársskýrslu bankans fyrir 1978. Frumvarp um breytt verðgildi íslensks gjaldmiðils náði fram að ganga sem lög frá Alþingi seint í maí 1979. Varð á lokastigi samkomulag um eins árs frestun á málinu, þannig að breytingin tekur gildi hinn 1. janúar 1981. Bankastjórnin féllst á frestunina fyrir sitt leyti, en benti þó á, að seinkunin hefði í för með sér talsverðan kostnaðarauka af því að hafa í umferð á þessu ári mynt- og seðlastærðir, sem eru alltof dýrar miðað við nafnverð og í óheppilegum og úreltum verðstærðum. Fjögurra manna starfshópur innan bankans hefur unnið í á annað ár að undirbúningi gjaldmiðilsbreytingarinnar, sem er í tveimur aðalþáttum, verðgildisbreyting og gjaldmiðilsskipti.

Starfsemi banka- eftirlitsins

Á árinu 1979 gerði bankaeftirlitið athugun á efnahag og rekstri 30 sparisjóða. Auk þess var framkvæmt eftirlit hjá 2 bankaútibúum og athuganir gerðar hjá 3 innlánsdeildum samvinnufélaga. Þá var á árinu lokið við allumfangsmikla skýrslugerð um eftirlit með einum viðskiptabankanna, sem hófst á árinu 1978. Auk athugana á staðnum fer verulegur hluti af starfi bankaeftirlitsins fram með athugunum á mánaðarlegum upplýsingum innlánsstofnana í skýrsluformi auk athugana á ársreikningum þeirra svo og skýrslugerð þeim samfara. Auk þess sinnir bankaeftirlitið fjölmörgum öðrum verkefnum, er varða innlánsstofnanir í landinu.

Fjöldi banka, sparisjóða og innlánsdeilda samvinnufélaga var sem hér segir í árslok 1978 og 1979:

	Árslok 1979	Árslok 1978
Viðskiptabankar	7	7
Bankaútibú	74	72
Umboðsskrifstofur banka	20	19
Sparisjóðir	42	43
Umboðsskrifstofur sparisjóða	2	1
Innlánsdeildir samvinnufélaga	33	33

Afgreiðslustaðir alls 178 175

Á árinu opnaði Samvinnubanki Íslands h.f. útibú á Svalbarðseyri og yfirtók jafnframt starfsemi Sparisjóðs Svalbarðsstrandar og innlánsdeildar Kaupfélags Svalbarðseyrar. Búnaðarbanki Íslands opnaði umboðsskrifstofu í Varmahlíð í Skagafirði og að Skógum, Austur-Eyjafjallahreppi. Sparisjóður Hafnarfjarðar opnaði umboðsskrifstofu í norðurhluta Hafnarfjarðar. Þá var umboðsskrifstofu Verzlunarbanka Íslands h.f. í Umferðarmiðstöðinni í Reykjavík breytt í útibú í samræmi við upphaflegt leyfi. Innlánsdeildir samvinnufélaga eru jafnmargar í árslok 1979 og í árslok 1978, þrátt fyrir að innlánsdeild Kaupfélags Svalbarðseyrar hafi verið yfirtekin af Samvinnubankanum h.f. Stafar það af því, að athugun bankaeftirlitsins leiddi í ljós, að starfrækt var innlánsdeild í Reykjavík á grundvelli samvinnufélagalaganna á vegum Samvinnufélagsins Hreyfils.

Eftirtalin leyfi hafa verið veitt fyrir starfrækslu útibúa og umboðsskrifstofu, sem ekki höfðu tekið til starfa í árslok 1979: Landsbanka Íslands var veitt leyfi árið 1976 til starfrækslu útibús á fyrirhuguðu miðbæjarsvæði í Breiðholti og árið 1979 til starfrækslu umboðsskrifstofu á Tálknafirði. Alþýðubankanum h.f. var á árinu 1979 veitt leyfi til stofnunar útibús að Suðurlandsbraut 30, Reykjavík.

Í árslok voru óafgreiddar hjá Seðlabankanum umsóknir frá innlánsstofnunum um stofnun samtals 9 nýrra afgreiðslustaða.

Gjaldeyrismál og gjaldeyriseftirlit

Í maí voru sett ný lög um gjaldeyris- og viðskiptamál, sem komu í staðinn fyrir hliðstæð lög, er sett voru árið 1960. Víðtæk vinna fór fram á árinu í samstarfi viðskiptaráðuneytis, Seðlabanka og gjaldeyrisviðskiptabanka við endurskoðun á gjaldeyrisafgreiðsluháttum. Ný reglugerð var sett skv. lögnum í desembermánuði. Hið nýja fyrirkomulag tók fullt gildi hinn 1. apríl 1980.

Þjóðhátíðarsjóður

Árið 1979 var annað starfsár Þjóðhátíðarsjóðs, en hann starfar skv. skipulagsskrá, sem er nr. 361 frá 30. september 1977. Stjórn sjóðsins ákvað, að úthluta skyldi allt að 84 millj. kr. á árinu í styrki. Samkvæmt skipulagsskrá rennur fjórðungur úthlutunarfjár til friðlýsingarsjóðs til náttúruverndar á vegum Náttúruverndarráðs og fjórðungur til varðveislu fornminja, gamalla bygginga og annarra menningarverðmæta á vegum Þjóðminjasafns. Úthlutað var 27 styrkjum skv. umsóknum samtals að fjárhæð 42 millj.kr. Höfuðstóll sjóðsins í árslok 1979 var 558,2 millj.kr.

STJÓRN BANKANS OG STARFSLIÐ

Stjórn bankans

Engin breyting varð á árinu á skipan bankastjórnarinnar. Dr. Jóhannes Nordal var endurkjörinn formaður hennar til 31. marz 1982.

Bankaráðið var kjörið á Alþingi í árslok 1976 til fjögurra ára. Tók það til starfa í ársbyrjun 1977 og lýkur störfum í árslok 1980. Formaður þess var Jón Skaftason, fyrrverandi alþingismaður, en hann hætti störfum í bankaráðinu 1. september 1979, er hann tók við starfi yfirborgarfégeta í Reykjavík. Tók Ingi R. Helgason, hæstaréttarlögmaður, við starfi hans sem formaður bankaráðsins frá sama tíma. Sverrir Júlíusson, forstjóri, er og hefur verið varaformaður bankaráðsins frá 1. janúar 1977. Bankaráðið hélt 20 fundi á árinu.

Starfslið og deildir

Starfsmenn Seðlabankans voru í árslok 126 talsins, þar af 58 konur og 68 karlar. Fjórtán starfsmenn unnu hluta úr degi eða eru í sameiginlegum verkefnum fyrir Seðlabanka og Landsbanka og má því segja, að heilsdagsstarfsmenn hafi í árslok verið 119. Enda þótt tala stöðugilda sé óbreytt frá fyrra ári, fjölgaði starfsmönnum bankans um einn á árinu.

Sú breyting var gerð á árinu, að starf lánadeildar, lánafulltrúa og störf við verðbréf voru færð saman í lánadeild. Garðar Ingvarsson, hagfræðingur, er forstöðumaður hennar. Þá var gerð sú breyting, að stofnað var til sjálfstæðrar greiðslujafnaðardeildar, og er Ólafur Tómasson, viðskiptafræðingur, forstöðumaður hennar. Störf við hana voru áður unnin innan hagfræðideildar bankans.

STJÓRN SEÐLABANKA ÍSLANDS

31. desember 1979

Bankastjórn

Jóhannes Nordal, formaður

Davíð Ólafsson

Guðmundur Hjartarson

Bankaráð

Ingi R. Helgason, hrl., formaður
Sverrir Júlíusson, forstjóri, varaformaður
Pétur Sæmundsen, bankastjóri
Halldór Ásgrímsson, alþingismaður
Geir Magnússon, framkvæmdastjóri

Aðstoðarbankastjórar
Björn Tryggvason
Sigurgeir Jónsson

Varamenn

Ólafur B. Thors, borgarfulltrúi
Haukur Helgason, hagfræðingur
Jón G. Sólnes, fyrrv. alþingismaður
Eiríkur Tómasson, lögmaður

Endurskoðandi bankaráðs
Stefán Svavarsson, lektor

Hagfræðingur Seðlabankans
Bjarni Bragi Jónsson

AÐRIR HELZTU STARFSMENN

Aðalbókhald

Jóhann T. Ingjaldsson, aðalbókari
Sigmundur Andrésen, deildarstjóri

Aðalfjárhirzla

Stefán B. Stefánsson, aðalféhirðir
Sighvatur Jónasson, afgreiðslustjóri
Torfi Ólafsson, deildarstjóri seðlagreiningar

Aðalskrifstofa

Sigurður Örn Einarsson, skrifstofustjóri
Skúli Sigurgrímsson, deildarstjóri
Ágústa Johnson, fulltrúi

Alþjóðadeild

Geir H. Haarde, hagfræðingur

Bankaefirlit

Þóroddur Ólafsson, forstöðumaður
Ragnar Hafliðason, deildarstjóri

Endurskoðunardeild

Gunnlaugur Arnórsson, aðalendurskoðandi
Bjarni Kjartansson, deildarstjóri

Gjaldeyriseftirlit

Sigurður Jóhannesson, forstöðumaður
Jón V. Halldórsson, deildarstjóri
Ísólfrur Sigurðsson, deildarstjóri
Sveinn Sveinsson, lögfræðingur

Greiðslujafnaðardeild

Ólafur Tómasson, forstöðumaður
Ingvar A. Sigfússon, viðskiptafræðingur

Hagfræðideild

Eiríkur Guðnason, forstöðum. peningamálad.
Sveinn E. Sigurðsson, viðskiptafræðingur
Guðmundur Guðmundsson, tölfræðingur
Ingimundur Friðriksson, hagfræðingur

Lánadeild

Gardar Ingvarsson, forstöðumaður
Pétur Urbancic, deildarstjóri
Sigfús Styrkársson, deildarstjóri verðbréfa

Lánafulltrúi

Hjörtur Pjetursson, löggiltur endurskoðandi

Lögfræðingadeild

Sveinbjörn Hafliðason, forstöðumaður
Björn Ólafs, lögfræðingur
Sigfús Gauti Þórðarson, lögfræðingur

Ríkisábyrgðasjóður

Harald S. Andrésen, forstöðumaður
Sigurður G. Thoroddsen, deildarstjóri

Starfsmannahald - rekstur

Stefán Þórarinnsson, forstöðumaður
Jón H. Friðsteinsson, deildarstjóri

Útgáfustarfsemi og bókasafn

Valdimar Kristinnsson, ritstjóri
Haraldur Hannesson, bóka- og skjalavörður

SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGUM 1979

Gulleign

Í lok ársins 1979 nam gulleign Seðlabankans 48.506 gullúnum. Gullið var metið til verðs í íslenskum krónum samkvæmt verðskráningu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í árslokun, þar sem hver gullúnsa jafngildir 35 einingum sérstakra dráttarréttinda (SDR) eða rúmlega 18.181 íslenskri krónu samkvæmt síðustu gengisskráningu ársins.

Kvóti Íslands og staða við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn

